

ÁRSSKÝRSLA

2006



**VINNUMÁLA
STOFNUN**

Efnisyfirlit

Pistill forstjóra	3
Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar	4
Starfsemi Vinnumálastofnunar.....	5
Vinumarkaðurinn	8
Vinumarkaðsaðgerðir	11
EURES / EES-vinnumiðlun	14
Fæðingarorlofssjóður	17
Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði	18
Ábyrgðasjóður launa	20
Atvinnuleysistryggingar	22
Starfsmenntaráð	25
Alþjóðlegt samstarf.....	27
Svipmyndir.....	29
Ársreikningar Vinnumálastofnunar	31

Útgefandi: Vinnumálastofnun

Ritstjóri: Karl Sigurðsson

Hönnun og umbrot: Birgir Þ. Jóakimsson

Prentvinnsla: Litróf

Stofnun á þroskabraut

-Við berum ekki aðeins ábyrgð á því sem við gerum heldur einnig því sem við látum ógert. - Molière



Tíu ár er ekki langur í tími í lífi opinberrar stofnunar og reyndar ekki heldur í lífi hvers manns. Okkur er líka títt að líta á þann tíma sem liðinn er sem örkotsstund en tímann sem framundan er óþrjótandi.

Þann 1. júlí sl. voru liðin tíu ár frá því að ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir tóku gildi en þau fólu m.a. í sér að ný stofnun Vinnumálastofnun var sett á laggirnar. Aðdragandi þeirra breytinga hefur áður verið rakinn hér í árskýrslum stofnunarinnar en markmiðið var að efla og samhæfa opinbera vinnumiðlun betur en áður var, með því að hafa rekstur hennar á einni hendi. Samtímis voru gerðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem stuðluðu að skylduvirkni milli atvinnuleysistryggingakerfisins og atvinnuleitarinnar.

Í hönd fór mikil mótunar- og skipulagsvinna hinnar nýju stofnunar og á nokkrum árum tókst að riða þétt net þjónustu um allt land á vegum stofnunarinnar. Hún er ýmist veitt beint af hendi starfsmanna á einstökum þjónustuskrifstofum hennar sem nú eru 13 talsins eða umboðsaðila sem starfa á hennar vegum sem gjarnan eru skrifstofur sveitarfélaganna. Hjá stofnuninni starfa nú um eitt hundrað velmenntaðra og þjálfaðra starfsmanna sem vel eru vanda sínum vaxin. Starfsemi hefur þróast með breyttum tíma og stofnuninni verið falið að takast á hendur margvísleg viðfangsefni sem tengjast vinnumarkaðnum – sem e.t.v. var ekki gert ráð fyrir í upphafi. Síðasta veigamikla verkefnið af þessu tagi er framkvæmd laga um foreldra og fæðingarorlof en það felur í sér umsýslu með greiðslum upp á um átta milljarða króna. Vegna þess hefur stofnunin sett á fót þjónustuskrifstofu sem valinn var staður á Hvammstanga. Þessi aðgerð hefur tekist ákaflega vel og þjónusta við þá sem njóta greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði til mikillar fyrirmyndar.

Annað viðfangsefni sem stofnunin fæst við og vaxið hefur langtum meira en fyrirjáanlegt var er umsýsla með skráningu og eftirliti með erlendu vinnuafli og útgáfa atvinnuleyfa þeim til handa.

Frá 1998 þegar stofnunin tók við þessu verkefni af félagsmálaráðuneytinu hefur fjöldi erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði aukist ár frá ári og sl. þrjú ár svo um munar. Þessu hafa fylgt laga og reglugerðarbreytingar sem stofnunin hefur þurft að laga starfsemi sína að hverju sinni, enda stjórnkerfið og raunar samfélagið allt ekki undirbúið fyrir svo hraðfara breytingu.

Aukin fjármálaleg umsýsla stofnunarinnar og sú ábyrgð sem hún ber sem vörsluáðili opinberra fjármuna hefur kallað á skráð og skilvirkt gæða og innra eftirlitskerfi til að tryggja að allir áhættuþættir varðandi útgreiðslu og bótamat séu lágmarkaðir. Mikil vinna hefur verið lögð í það innan stofnunarinnar á síðustu árum og skipulagsbreytingar á útgreiðslu atvinnuleysibóta sem nú fer fram frá einni greiðslustofu sem staðsett er á Skagaströnd, auðveldar þessa vinnu.


Engin atvinnustarfsemi af neinu tagi fæst þrífist án fólksins sem hana stundar. Vinnumálastofnun væri lítills virði ef ekki væri fyrir fólkið sem þar starfar og það hefur verið metnaðarmál stofnunarinnar að hafa velmenntað og kunnátturíkt starfsfólk í sinni þjónustu. Liður í því er að bjóða upp á öflugt endurmenntunar- og fræðslustarf og hvetja starfsfólkið til dáða í þeim efnum. Bæði er það gert til að örva starfsanda en ekki síður til að tryggja að skjólstaðingar stofnunarinnar sem misst hafa atvinnu sína og eru af þeim sökum staddir á krossgötum í lífi sínu fái faglega þjónustu og ráðgjöf.

Það hefur verið einstakt tækifæri sem starfsfólk og stjórn stofnunarinnar hefur fengið að móta nýja starfsemi alveg frá grunni og við getum litið stolt yfir farinn veg. Framundan eru breytingar í stjórnkerfinu sem hljóta að snerta starfsemi Vinnumálastofnunar á ýmsa lund. Það sýnir styrkleika ef opinberar stofnanir og stjórnsýsla geta mótað sig átakalítið að breyttum aðstæðum og sinnt nýjum verkefnum. Vinnumálastofnun hefur sýnt það að hún býr yfir slíkum styrkleika og horfir því björtum augum fram á veginn.

Gissur Pétursson

október 2007

Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar



Stjórn Vinnumálastofnunnar 1. júlí 2006

Hrólfur Ölvísson, formaður, Adolf H. Berndsen, varaformaður, Halldór Grönvold, Sigurður Besson, Ellý Erlingsdóttir, Stefán Aðalsteinsson, Jón H. Magnússon, Jón Rúnar Pálsson, Arna Jakobína Björnsdóttir og Ásta Lára Leósdóttir.

Starfsemi Vinnumálastofnunar

Hinn 1. júlí 2006 tóku gildi ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, og um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Ýmis nýmæli er að finna í þessum lagabálkum frá eldri lögum s.s. aukin áhersla er lögð á samvinnu fagaðila innan ólíkra kerfa og stofnana til að bæta árangur starfsins, tekin var upp tekjutenging atvinnuleysistrygginga og ákvarðanir um bætur, réttindi og skyldur eru teknar af Vinnumálastofnun en ekki sérstökum úthlutunarnefndum. Nýju lögini leysa af hólmi eldri lög um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar frá árinu 1997.



Sjón Ingólfsdóttir hætti í stjórn Vinnumálastofnunar á árinu 2006

Meginmarkmiðið með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir er líkt og í eldri lögum að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaði svo og að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu. Aukin áhersla er þó á starfstengda endurhæfingu í starfi stofnunarinnar og aukið samstarf við fagaðila innan heilbrigðis- og félagsþjónustu. Vinnumálastofnun ber samkvæmt lögum að afla upplýsinga um stöðu atvinnumála og horfur og miðla þeim upplýsingum á reglubundinn hátt. Þá skal stofnunin halda skrá yfir laus störf sem í boði eru á landinu öllu og annast skipulag vinnumarkaðsúrræða, en aukin áhersla er í nýju lögum á ráðgjöf og úrræði fyrir atvinnulausa.

Þessi nýju lög ásamt fleiri nýjum verkefnum sem stofnuninni hafa verið fengin síðustu misseri hafa haft mikil áhrif á starf stofnunarinnar. Í tengslum við lög um atvinnuleysistryggingar tók Vinnumálastofnun yfir starf úthlutunarnefnda og voru útreikningar atvinnuleysistrygginga og greiðslur þeirra færðar á eina

hendi hjá Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga sem staðsett er á Skagaströnd og opnaði á vormánuðum 2007. Þá fékk Vinnumálastofnun verkefni sem snúa að greiðslu fæðingarorlofs sem tóku gildi um áramótin 2006/7 og opnaði stofnunin sérstaka skrifstofu á Hvammstanga til að annast þær greiðslur. Þá tóku gildi ný lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna á árinu 2006 og var Vinnumálastofnun falin umsjón með verkefninu sem og að hafa umsjón með greiðslu ættleiðingastyrkja.

Töluverðar breytingar urðu á löggjöf um málefni útlendinga á vinnumarkaði á árinu sem einkum fólst í auknu eftirlitshlutverki stofnunarinnar og móttöku og skoðun gagna s.s. ráðningarsamninga. Þannig tóku ný lög um starfsmannaleigur gildi í byrjun árs þar sem öllum starfsmannaleigum sem leigja starfsmenn hingað til lands er skylt að skrá fyrirtækið og alla starfsmenn sem vinna á þess vegum hér á landi hjá Vinnumálastofnun. Þann 1. maí var ríkisborgurum nýju ESB ríkjanna heimilt að koma til landsins í atvinnuleit og ráða sig til starfa hér á landi án sérstakra atvinnuleyfa. Þar með var hætt útgáfu atvinnuleyfa til þessa hóps, en í staðinn var stofnuninni falið að hafa eftirlit með skráningu starfsmanna frá þessum ríkjum og að fylgjast með því að ráðningarkjör væru samkvæmt íslenskum lögum og reglum. Stofnunin heldur eftir sem áður áfram veitingu atvinnuleyfa til útlendinga utan hins evrópska efnahagssvæðis.

Atvinnuleysistryggingarsjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga eru í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórna. Þá annast Vinnumálastofnun skrifstofuhald fyrir Ábyrgðasjóð launa á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Ennfremur annast stofnunin daglega umsýslu Starfsmenntaráðs, atvinnumála kvenna og Lánatryggingasjóðs kvenna.

Stjórn Vinnumálastofnunar og vinnumarkaðsráð

Félagsmálaráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu helstu aðila vinnumarkaðarinnar. Formaður og varaformaður eru skipaðir án tilnefningar ráðherra. Forstjóri Vinnumálastofnunar situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn Vinnumálastofnunar skal annast faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða og gera félagsmálaráðherra grein fyrir atvinnuástandi og

árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs. Stjórnin hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Skal stjórnin hafa reglulegt samráð við vinnumarkaðsráðin við mat á atvinnuástandi í landinu.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn Vinnumálastofnunar á árinu 2006, að hluta til í tengslum við nýja löggjöf sem fól í sér fjölgun stjórnarmanna um tvo. létu þau Þórður Ólafsson og Sjöfn Ingólfssdóttir af stjórnarsetu eftir margra ára starf, en ný inn í stjórn komu þau



Þórður Ólafsson gegndi stjórnarformennsku í Atvinnuleysistryggingasjóði 1995-2006

Sigurður Bessason, Stefán Aðalsteinsson, Arna Jakobína Björnsdóttir og Ásta Lára Leósdóttir.

Á ársfundi stofnunarinnar í byrjun október 2006 voru þeim Þórði Ólafssyni og Sjöfn Ingólfssdóttur þökkuð vel unnin störf fyrir stofnunina eftir margra ára farsæl störf á þeim vettvangi.

Í nýju lögunum er gert ráð fyrir að sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð komi í stað níu manna svæðisráða, sem félagsmálaráðherra skipar og eru tilnefndir af samtökum launafólks, samtökum atvinnurekenda, sveitarfélögum, menntamálaráðherra og heilbrigðis- og trygginga-málaráðherra. Vinnumarkaðsráð á hverju svæði skal skila skýrslu til stjórnar Vinnumálastofnunar um stöðu mála á

svæðinu í nóvember ár hvert ásamt tillögum um þær vinnumarkaðsaðgerðir sem mælt er með að lögð verði áhersla á árið eftir. Enn fremur skulu vinnumarkaðsráðin vera hlutaðeigandi þjónustustöð Vinnumálastofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum á svæðinu.

Aukið umfang og nýjar skrifstofur

Vegna nýrra verkefna Vinnumálastofnunar hefur fjölgað nokkuð í hópi starfsmanna stofnunarinnar. Þannig voru 82 starfsmenn í um 79 stöðugildum í árslok 2005 en voru orðnir 96 í um 93 stöðugildum í október 2007. Opnun tveggja nýrra skrifstofa á vegum stofnunarinnar vegur þarna þýngst, skrifstofu Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga og Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga á Skagaströnd. Alls starfa 10 manns á skrifstofu Fæðingarorlofssjóðs og er forstöðumaður þar Leó Örn Þorleifsson, lögfræðingur. Hjá Greiðslu-stofu atvinnuleysistrygginga starfa 7 manns og veitir Líney Árnadóttir skrifstofunni forstöðu, en hún er jafnframt forstöðumaður þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Norðurlandi vestra.

Auk ofangreindra skrifstofa eru áfram starfræktar 8 þjónustuskrifstofur í kring um landið auk þriggja smærri útibúa, þar sem veitt er öll almenn þjónusta við atvinnuleitendur, skráning, mat á færni, ráðgjöf og úrræði og vinnumiðlun auk samvinnu við aðra þjónustuaðila um úrræði og vinnumarkaðsaðgerðir. Að auki hefur stofnunin gert samkomulag við nokkur stéttarfélag, sveitarfélög og aðra aðila sem liggja fjær þjónustuskrifstofunum um að veita grunnþjónustu fyrir hönd Vinnumálastofnunar, upplýsingagjöf og frumskráningu atvinnuleitenda.

Ýmis verkefni

Vinnumálastofnun hefur verið þátttakandi í verkefnisstjórn til að styrkja stöðu miðaldra- og eldra fólks á vinnumarkaði. Margrét Gunnarsdóttir sérfræðingur situr í verkefnisstjórninni fyrir hönd Vinnumálastofnunar. Verkefnið hófst árið 2005 og er ætlað að standa í fimm ár. Einkum er litið til þriggja megin þátta í starfinu, þ.e. fræðslustarfs, rannsókna og áhrifa á viðhorf. Lögð er áhersla á að skapa jákvæða umræðu um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, bæta ímynd þeirra með því að vekja athygli á kostum þeirra sem starfsmanna og móta farveg fyrir viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu. Í starfsskýrslu sem gefin var út í lok árs 2006 kemur fram að verkefnisstjórnin stóð fyrir fundaherferð um

efnið á árinu 2006, tengst rannsóknarverkefnum og ráðstefnum um efnið bæði héraendis og erlendis og vann í samvinnu við Rannsóknarstofu í Vinnuvernd úttekt á sérstöku mælitæki – Aldursvog – sem nýtt vottunarkerfi hefur verið í Noregi til mats á stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.


Margir starfsmenn Vinnuálastofnunar eru menntaðir náms- og starfsráðgjafar og eru virkir félagsmenn í félagi náms- og starfsráðgjafa. Í október 2006 stóð félagið fyrir málþingi í Norræna húsinu á degi náms- og starfsráðgjafar. Var þar fjallað um alþjóðlegt vottunarkerfi menntunar náms- og starfsráðgjafa, styrkleika og færni til þátttöku á vinnumarkaði og náms- og starfsráðgjöf til vinnustaða.

Fjármál

Á árinu 2006 var hagnaður á rekstri Vinnuálastofnunar um 38,7 milljónir króna í samanburði við 7,8 milljóna króna hagnað árið 2005. Þjónustutekjur og framlög frá öðrum en ríkissjóði námu 350,7 milljónum króna, þar af voru þjónustutekjur vegna þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og Ábyrgðasjóð launa 279,8 milljónir króna. Framlag ríkissjóðs var á árinu 179,9 milljónir króna. Útgjöld stofnunarinnar voru 499,9 milljónir króna.

Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta voru 2.370 milljónir króna. Í árslok 2006 var eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs 10.749 milljónir króna og hafði þar með hækkað um 2.321 milljónir króna frá árslokum 2005.

Útgjöld Ábyrgðasjóðs launa námu samtals 458 milljónum króna. Í árslok 2006 var eigið fé Ábyrgðasjóðs launa neikvætt um 953,6 milljónir króna og hafði þá eignastaðan lagast um 86,4 milljónir króna frá því í árslok 2005.



Íslenskir þátttakendur á ráðstefnunni *Healthy Work in an Ageing Europe* ræða við evrópska kollega


Vinumarkaðurinn

Atvinnuástand ársins 2006 endurspeglar mikil umsvif í landinu, m.a. vegna stóriðjuframkvæmda, uppgangs í byggingariðnaði og grósku í ýmsum atvinnugreinum. Atvinnuleysi minnkaði og var 1,3% að meðaltali á árinu. Innflutningur á erlendu vinnuafli jókst hröðum skrefum, einkum vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, byggingariðnaðar og þjónustu. Þenslan árið 2006 hélt áfram á flestum sviðum, þar sem neysla og fjárfesting náðu hámarki með miklum viðskiptahalla á árinu 2006.


Greiddslur úr Ábyrgðasjóði minnkuðu talsvert eða úr 678 milljónum kr. árið 2005 í 434 milljónir kr. árið 2006.

Umsvifin í efnahagslífinu leiddu til minna atvinnuleysis árið 2006 en árið áður auk þess sem innflutningur erlends vinnuafils frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins jókst til muna á árinu 2006.

Atvinnuleysi á Íslandi 1997-2007



Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni 2004-2007



Vinnuafli

Fólki á vinnumarkaði fjölgaði mjög árið 2006 og mældist meiri vöxtur atvinnu en nokkru sinni. Þannig jókst fjöldi starfandi um 5,1% frá árinu áður samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar. Fjöldinn nam 165.600 árið 2005 en 174.600 árið 2006. Á landsbyggðinni var fækkun vinnuafils á tímabilinu 2001-2004 og fór úr 61.100 árið 2001 í 57.600 árið 2004. Síðan hefur orðið lítill háttar aukning.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur á sama tíma fjölgað jafnt og þétt á vinnumarkaði. Árið 2005 mældust yfir 106.000 manns þar á vinnumarkaði og á árinu 2006 varð talsverð aukning eða í 113.700. Atvinnuþátttakan

á árinu 2006 mældist 83,1% sem er rúmu einu prósentustigi meira en árið áður. Er það einkum til komið vegna aukinnar atvinnuþátttöku ungs fólks og elsta aldurshópsins að einhverju leyti líka.

Atvinnuleysi

Frá árinu 2005 til 2006 hefur atvinnuleysi minnkað um rúman þriðjung að meðaltali á landinu öllu og var 1,3% að jafnaði á árinu 2006 samanborið við 2,1% árið áður. Þetta atvinnuleysi jafngildir því að 2.017 manns að meðaltali hafi verið atvinnulausir eða 1,3% af ætluðum mannafla á vinnumarkaði, samanborið við 3.120 árið áður. Mest var atvinnuleysið í upphafi árs 2006 en í janúar og febrúar var það 1,6%. Lægst fór atvinnuleysið á árinu 2006 í 1% í september og október.

Atvinnuleysi í desember var 1,2% og í lok árs 2006 var fjöldi á atvinnuleysisrá 2.110 og hafði þá fækkað um 517 frá lokum árs 2005. Fjölgun á atvinnuleysisrá á síðustu mánuðum ársins var nokkru meiri en árið áður, eða um 18% að jafnaði, en um 7% á árinu 2005. Mun meiri aukning var þó á landsbyggðinni eða um 35%, en fjöldi atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu jókst um 6% frá september til desemberloka.

Atvinnulausum fækkaði alls staðar á landinu, hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu um 43% og um 39% á Norðurlandi vestra og Austurlandi.

Síðustu ár hefur atvinnuleysi verið örlítið meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Hins vegar var meira atvinnuleysi á landsbyggðinni árið 2006 eða 1,4% en 1,2% á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2005 var munurinn 0,4 prósentustig og var meðal atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu meira eða 2,2% en 1,8% á landsbyggðinni. Sveiflur í atvinnuleysi eru meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu þannig að á landsbyggðinni minnkar atvinnuleysi hraðar á fyrstu mánuðum ársins fram á sumar en eykst á haustin og fram á vetur.

Á árinu 2006 var atvinnuleysi karla að meðaltali 0,9% og kvenna 1,8% samanborið við 1,5% hjá körlum og 2,8% hjá konum árið 2005. Atvinnuleysi kvenna minnkaði þannig um 1 prósentustig milli árana 2005 og 2006 og 0,6 prósentustig meðal karla. Batnandi atvinnuástand á árinu 2006 kom því bæði konum og körlum til góða.

Ef litið er á atvinnuleysi kynjanna eftir landsvæðum kemur í ljós að atvinnuleysi meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu var á bilinu 1,5% - 1,9% alveg fram í ágúst en fór þá loks að lækka mjög hratt allt til áramóta. Meðal karla og kvenna á landsbyggðinni

lækkaði atvinnuleysi jafnt og þétt fram í september en tók þá að aukast lítið eitt á ný, en atvinnuleysi karla á höfuðborgarsvæðinu breyttist minna allt árið. Á árinu 2007 hefur svo atvinnuleysi lækkað jafnt og þétt hjá öllum nema konum á höfuðborgarsvæðinu þar sem það fór hækkandi þegar kom fram á sumar.

Þegar atvinnuleysi eftir starfsstéttum er skoðað má sjá að á árinu 2006 var atvinnuleysi mest meðal verkafólks (2,8%) og sölu- og afgreiðslufólks (2,2%) líkt og áður. Atvinnuleysi meðal þessara stétta hefur þó minnkað mjög mikið og er ekki eins afgerandi og verið hefur síðustu ár. Árið 2006 var atvinnuleysi 1,8% meðal skrifstofufólks svipað og meðal fólks í ýmsum þjónustustörfum og meðal sérhæfðs verkafólks í iðnaði. Atvinnuleysið mældist minnst meðal sérfræðinga, eða um 0,3%, iðnaðarmanna 0,5%, og bílstjóra, vélafólks og stjórnenda vinnuvéla um 0,7%.


Á árinu 2006 var atvinnuleysi einna mest hjá fólki sem starfað hefur við fiskvinnslu og í hótél- og veitingaþjónustu eða nálægt 2,4% en var milli 3 og 4% árið 2005. Atvinnuleysið var 2,3% meðal þeirra sem starfað hafa við hótél og veitingastarfsemi og um 2,1% meðal þeirra sem starfa við fiskveiðar. Minnst atvinnuleysi mældist meðal fólks sem hafði starfað í veitustarfsemi og fjármálaþjónustu innan við 0,5%.

Greining atvinnuleysis eftir menntun gefur svipaða mynd. Mest var atvinnuleysið á árinu 2006 meðal fólks sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi eða sambærilegu námi, eða um 2,3% það hefur þó lækkað mikið frá árinu 2005 þegar það var um 3,5%. Meðal fólks sem hefur lokið verslunarprófi eða stúdentsprófi var atvinnuleysið um 1 %, en 0,7% meðal fólks með háskólamenntun.

Talsvert dró úr atvinnuleysi fólks á aldrinum 16-24 ára eða um 40% milli ára, og var það að jafnaði innan við 2% á árinu 2006 samanborið við um 2,5% árið áður. Mest var atvinnuleysi meðal þessa aldurshóps í byrjun árs, en lækkaði fram í september þegar það tók að aukast aftur til áramóta. Atvinnuleysið er einna minnst og sveiflast minnst hjá fólki milli 25 og 55 ára, en er heldur meira meðal þeirra elstu þó sveiflunar séu einnig litlar þar.

Þeim sem verið hafa á atvinnuleysissskrá í 6 mánuði eða lengur fækkaði milli 2005 og 2006. Árið 2006 voru að meðaltali 600 atvinnulausir lengur en 6 mánuði en voru 730 að meðaltali á árinu 2005. Um 600 manns voru langtímaatvinnulausir í byrjun árs, en í lok árs voru langtímaatvinnulausir um 566. Langtímaatvinnuleysi sem hlutfall af heildaratvinnuleysi minnkaði og var um 27% á árinu 2006 en um 30% árið 2005.


Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni 2004-2007 eftir kyni



Eftirspurn eftir vinnuafli

Helstu vísbendingarnar um eftirspurn eftir vinnuafli má fá út frá lausum störfum hjá svæðisvinnumiðlum og innflutningi erlends vinnuafis. Lausum störfum hjá svæðisvinnumiðlum fækkaði talsvert milli 2005 og 2006. Að meðaltali voru 572 laus störf í lok mánaðar á árinu 2006 en 1.372 á árinu 2005. Flest laus störf voru á Austurlandi vegna stóriðjuframkvæmda og nam meðaltalið þar 158 á árinu samanborið við 514 árið 2005. Lausum störfum fjölgaði einnig á höfuðborgarsvæðinu en 50 laus störf töldust í lok desember 2006 en 161 í lok sama mánaðar 2005.

Atvinnuleysi eftir starfsstéttum




Eftirspurn eftir vinnuafli er að hluta til mætt með innflutningi vinnuafis. Árið 2006 voru alls um 768 ráðnir á vegum EURES kerfisins til landsins. Vinnuafli utan evrópska efnahagssvæðisins þarf atvinnuleyfi til að starfa á íslenskum vinnumarkaði. Fækkun var á útgáfu atvinnuleyfa á síðasta ári. Alls voru veitt 5.486 leyfi af öllum gerðum á árinu 2006 samanborið við 6.367 á árinu 2005, en það var mikil fjölgun frá árinu 2004 er 3.356 leyfi voru veitt. Vegna þess að ríkisborgarar nýrra ESB ríkja þurftu ekki atvinnuleyfi frá maí 2006 fækkaði mikið útgáfu nýrra atvinnuleyfa og þess í stað komu skráningar íbúa þessara nýju ríkja á vinnumarkað og námu þær tæplega 4.000 á árinu 2006. Því varð talsverð aukning samanlagt á nýjum



Starfsfólk Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga á Skagaströnd ásamt forstjóra og ráðherra, frá vinstri: Hallbjörg, Liney, Gissur, Þorbjörg, Magnús, Kristín, Jensína, Eva og Eygló


Útgefin atvinnuleyfi og skráningar frá nýju ríki Evrópusambandsins



atvinnuleyfum og skráningum eða úr tæplega 4.000 nýjum atvinnuleyfum árið 2005 í um 6.850 skráningar og nýjum atvinnuleyfum á árinu 2006. Af um 2.850 atvinnuleyfum voru um 1.000 atvinnuleyfi gefin út til stóriðjuframkvæmda eða um 35% allra nýrra leyfa. Þetta er litlu minna en á árinu 2005 en þá er gert ráð fyrir því að um 1.600 leyfi hafi verið gefin út til stóriðju af um 4.000 nýjum atvinnuleyfum á því ári eða um 40% allra nýrra atvinnuleyfa.

Í skýrslu sem Vinnumálastofnun gaf út í árslok 2006 kom fram að framboð innlands vinnuafis til að starfa

Fjöldi langtímaatvinnulausra og hlutfall langtímaatvinnuleysis árin 2003-2007



við fyrirhugaðar stóriðju- og virkjanaframkvæmdir á árunum 2007-2008 væri lítið enda atvinnuleysi lítið og fáir byggingaverkamenn án vinnu. Til framkvæmda við stóriðju – og virkjanaframkvæmdir næstu tvö árin verða aðallega ráðnir útlendir starfsmenn. Áætlað var að um 200 útlendingar verði ráðnir á árinu 2007 til ýmissa stóriðjuverkþátta, aðallega iðnaðarmenn, bílstjórar og vélamenn. Á tímabilinu janúar til júlí 2006 var búið að gefa út 2.612 ný tímabundin atvinnuleyfi samanborið við 1.523 á tímabilinu janúar til júlí 2005 og hefðu þau eflaust orðið fleiri ef aðgangstakmörkunum frá nýju ríki ESB hefði verið fram haldið eftir 1. maí 2006.

Vinnumarkaðsaðgerðir – vinnumiðlun, ráðgjöf og úrræði


Í nýjum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, segir að Vinnumálastofnun skuli standa fyrir vinnumarkaðsaðgerðum, en með því er átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og skipulag úrræða sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitanda. Tiltekin eru tvö meginmarkmið með lögnum, annarsvegar að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði og hins vegar að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu. Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar hafa með höndum framkvæmd og útfærslu vinnumarkaðsaðgerða og er nánari grein gerð fyrir meginþáttum vinnumarkaðsaðgerða í þriðja kafla laganna:

- **Vinnumiðlun**
- **Mat á vinnufærni atvinnuleitanda**
- **Skipulag vinnumarkaðsúrræða og þátttaka atvinnuleitanda í þeim, ásamt eftirlitshlutverki stofnunarinnar**
- **Samstarf við aðra þjónustuaðila**

Vinnumiðlun í tölum

Heildarfjöldi þeirra sem komu á skrá Vinnumálastofnunar á árinu 2006 var 8.795 manns, samanborið við 12.239 árið áður, en það er um 28% fækkun frá fyrra ári og hefur lækkað úr ríflega 17.000 manns árið 2003. Af þessum 8.795 fóru 6.685 af skrá, eða um 76% af öllum sem komu á skrá, sem er heldur lægra hlutfall en árið 2005 þegar það var 79%. Ekki er mikill munur á milli svæða, en hæst var hlutfall afskráðra á Vestfjörðum, um 88% og á Norðurlandi vestra 86%.

Heildarfjöldi einstaklinga á atvinnuleysissskrá árin 2003-2006



Alls leituðu ríflega 3.900 fyrirtæki til Vinnumálastofnunar á árinu 2006 með ósk um milligöngu við að útvega starfsfólk, í samtals um 5.370 störf. Fyrir liggja upplýsingar um að nálægt 1.200 manns hafi verið ráðnir í þessi störf fyrir milligöngu Vinnumálastofnunar, eða í um 22% þeirra lausu starfa sem Vinnumálastofnun bærust. Hafa ber í huga að þjónustuskrifstofur

Vinnumálastofnunar fá ekki upplýsingar um allar ráðningar sem eru tilkomnar fyrir þeirra milligöngu og vitað er að margir tilkynna ekki Vinnumálastofnun um að ráðning hafi átt sér stað eftir að komu stofnunarinnar. Því er raunverulegt ráðningarhlutfall að öllum líkindum talsvert hærra en 22%.

Mat á vinnufærni atvinnuleitanda

Í nýjum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir er lögð áhersla á að hjá Vinnumálastofnun sé veitt ráðgjöf og önnur þjónusta sem hentar hverjum og einum atvinnuleitanda. Í því sambandi er sérstaklega fjallað um mat á vinnufærni atvinnuleitanda. Þegar atvinnuleitandi sækir um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum fer fram mat á vinnufærni hans hjá ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Atvinnuleitandi skal leggja fram allar þær upplýsingar sem liggja fyrir um vinnufærni hans svo að unnt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í einstökum vinnumarkaðsúrræðum. Með samkomulagi við atvinnuleitandann er síðan gerð áætlun um atvinnuleit hans og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum á grundvelli matsins. Jafnframt skal leiðbeina atvinnuleitanda um aðra þjónustu verði talin þörf á að hann leiti sér aðstoðar í öðrum opinberum þjónustukerfum áður eða samhliða þeirri þjónustu sem veitt er hjá Vinnumálastofnun. Heimilt er að binda þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum við það skilyrði að hann leiti sér fyrst eða samhliða aðstoðar annarra þjónustuaðila.

Skipulag vinnumarkaðsúrræða og þátttaka

Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða og er það útfært með svipuðum hætti og með eldri lögum, þó meiri áhersla sé nú á atvinnutengda endurhæfingu. Auk ráðgjafar til einstaklinga samhliða atvinnuleit og þátttöku í öðrum úrræðum skiptast vinnumarkaðsúrræði í eftirfarandi flokka skv. nýjum lögum um vinnumarkaðsúrræði: Einstök námskeið, svo sem námskeið um gerð starfsleitaráætlunar eða sjálfstyrkingu og námskeið til að bæta tiltekna færni, starfsúrræði, þ.e. starfskynning, starfsþjálfun og reynsluráðning, námsúrræði og loks atvinnutengd endurhæfing einstaklinga sem og einstakra hópa.

Vinnumálastofnun er heimilt að gera þjónustusamninga um þátttöku atvinnuleitanda í einstökum vinnumarkaðsúrræðum sem aðrir þjónustuaðilar annast framkvæmd á líkt og verið hefur. Í lögnum er kveðið á um að atvinnuleitandi skuli

fylja eftir áætlun um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúræðum og gera það sem í hans valdi stendur til að bæta vinnufærni sína til þess að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Þar á meðal skal atvinnuleitandi ávalt mæta í viðtöl til ráðgjafa Vinnumálastofnunar þegar hann er boðaður í viðtal, og taka þátt í þeim vinnumarkaðsúræðum er standa honum til boða. Atvinnuleitandi skal jafnframt tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti án ástæðulausrar tafar.

Helstu úrræði sem nýtt voru af atvinnuleitendum árið 2006 voru ítarleg starfsleitarviðtöl (starfsleit 2, 3 og 4), en um 600 manns voru skráðir í slík viðtöl og um 150 að auki sóttu víðtæk hæfnis- og starfsleitarnámskeið af ýmsu tagi og álíka margir áttu ítarlegt viðtal við ráðgjafa, en slík viðtöl fara þeir í sem verið hafa um lengri tíma á atvinnuleysisráðgjöf eða óska sérstaklega eftir slíku viðtali.

Ýmis námskeið sem ætlað er að styrkja einstaklinginn almennt og í atvinnuleit voru sótt af um 400 manns, en þar má nefna sjálfsstyrkingarnámskeið, áhugasviðsgreiningu, fjármálaráðgjöf, námskeiðið "Aftur í starf" og fleira. Ýmis konar tölvunámskeið eru mikið nýtt og voru um 250 atvinnuleitendur sem sóttu slík námskeið á árinu 2006.

Starfsþjálfun og reynsluráðning auk sérstakra verkefna sem styrkt eru beint af Atvinnuleysisstryggingasjóði voru talsvert mikið nýtt líkt og undanfarin ár og voru um 200 manns skráðir í slík verkefni á árinu 2006. Þá nýttu um 50 manns sér námsstyrki eða gerðu samning um að fara í lengra nám.

Af öðrum úrræðum sem nýtt voru af atvinnuleitendum má nefna menntasmiðjur, Fjölsmiðjuna, vinnuvélanámskeið og meirapróf, önnur starfstengd námskeið og íslenskunámskeið fyrir útlendinga.

Þjónusta Vinnumálastofnunar og framkvæmd nýrra laga

Talsverðar áherslubreytingar urðu á þjónustu stofnunarinnar með nýjum lögum. Lögð var af svokölluð stimplun sem fólst í því að þeir sem voru á atvinnuleysisráðgjöf þurftu að mæta reglulega, yfirleitt vikulega, í afgreiðslu þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar (svæðisvinnumiðlunum) og láta vita af sér og staðfesta að þeir væru enn án vinnu. Í staðinn var lögð aukin áhersla á ráðgjöf við atvinnuleitandann og skyldi það vera mat ráðgjafa, eftir atvikum í samráði við atvinnuleitanda, hvort og þá hve oft viðkomandi þyrfti að koma í viðtal við ráðgjafa eða annað starfsfólk á viðkomandi þjónustuskrifstofu. Þeir sem jafnframt nutu atvinnuleysisstrygginga var þó áfram gert að láta sérstaklega vita milli 20. og 25. hvers mánaðar hvort þeir væru enn atvinnulausir og gátu

menn gert það rafrænt á heimasíðu stofnunarinnar, eða með tölvupósti eða símtali við ákveðinn starfsmann viðkomandi þjónustuskrifstofu.

Aukið hlutverk Vinnumálastofnunar á sviði starfsendurhæfingar er í mótun og er þar auk laganna höfð til hliðsjónar vinna nefndar á vegum forsætisráðuneytisins sem hafði það hlutverk að endurskoða örorkumat og efla starfsendurhæfingu. Hlutverk Vinnumálastofnunar er umtalsvert í þeim tillögum sem nefndin skilaði af sér, og er m.a. lögð áhersla á samstarf Tryggingastofnunar og Vinnumálastofnunar við endurhæfingu sem sé í senn læknisfræðileg og starfstengd. Lagt er til að þessar stofnanir, auk lífeyrissjóða, geri sameiginlega þjónustusamninga um starfsendurhæfingu við mismunandi aðila sem slíka þjónustu veita. Í ljósi þessa hlutverks Vinnumálastofnunar tók stofnunin þegar árið 2006 þátt í tilraunaverkefni sem fólst í samstarfi við þrjár heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu ásamt endurhæfingardeild Reykjalundar og er verkefnið enn í gangi. Í þessu verkefni er áhersla lögð á að aðstoða heilsugæslulækna eins framarlega í ferlinu og hægt er varðandi endurhæfingu með atvinnu í forgrunni.



Stjórn og starfsmaður stjórnar Fjölsmiðjunnar 2006

Atvinnumál kvenna

Sérstök áhersla er lögð á atvinnumál kvenna hjá Vinnumálastofnun. Ástæðan er sú að konur hafa víða haft færri tækifæri til atvinnu, einkum á landsbyggðinni og einnig er aðgangur kvenna að fjármagni til uppbyggingar atvinnustarfsemi oft takmarkaður. Því hefur verið starfræktur sérstakur sjóður frá árinu 1991 sem annast styrkveitingar til kvenna.

Styrkir til atvinnumála kvenna

Rúmlega 21 milljón króna var úthlutað af Styrkjum til atvinnumála kvenna á árinu 2006. Megin tilgangur með styrkveitingunni er að auðvelda konum með góðar viðskiptahugmyndir aðgengi að fjármagni með það að markmiði að ýta undir atvinnusköpun kvenna. Rannsóknir sýna að með aukinni atvinnusköpun kvenna fjölga störfum og fjölbreytni á vinnumarkaði

eykst. Styrkirnir hafa jafnframt þann tilgang að styðja sérstaklega atvinnusköpun á landsbyggðinni og styrkja með því byggð um landið. Það er Félagsmálaráðuneytið sem úthlutar fjármagni til þessa málaflokks en Vinnumálastofnun hefur umsjón með honum og fluttist sú umsýsla til þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Norðurlandi vestra á árinu 2005.

Í kjölfar auglýsingar um styrkveitinguna á árinu 2006 bárust 118 umsóknir frá konum sem höfðu áhuga á að hefja eigin atvinnurekstur. Veittir voru styrkir til 32 athafnakvenna en sérstök ráðgjafanefnd fer yfir umsóknirnar og metur styrkhæfi þeirra. Við val á styrkhæfum viðskiptahugmyndum var sérstaklega haft að leiðarljósi að þær væru atvinnuskapandi til lengri tíma og ekki á samkeppnismarkaði. Einnig var tekið mið af atvinnuástandi á því svæði þar sem umsækjandi var búsettur og fyrirhuguð starfsemi átti að eiga sér stað. Margar áhugaverðar umsóknir bárust og mátti af þeim lesa grósku í atvinnusköpun kvenna og áhuga þeirra á að hasla sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendur.

Lánatryggingasjóður kvenna

Lánatryggingasjóður kvenna hóf starfsemi 1998 sem þriggja ára tilraunaverkefni. Stofnendur sjóðsins voru félagsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og iðnaðar-
ráðuneyti. Vinnumálastofnun hefur annast umsýslu

sjóðsins frá árinu 2000. Markmiðið með stofnun sjóðsins var að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á lánum.

Frá árinu 2003 hefur Lánatryggingasjóður kvenna ekki starfað en unnið hefur verið að mati á þörf fyrir sjóðinn í tengslum við heildarendurskoðun á stuðningsumhverfi atvinnumála kvenna. Nefnd, sem lauk störfum um mitt ár 2006, lagði fram tillögur um að styrkja stoðkerfi fyrir atvinnurekstur kvenna, þar sem m.a. er lagt til að Lánatryggingasjóður verði starfræktur áfram þar til endurskoðun hefur farið fram á sjóðum sem tengjast styrkjum og lánum til atvinnurekstrar almennt.



Starfsmenn Vinnumálastofnunar í kynnisferð hjá NAV í Noregi

Samstarf Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva um tilraunaverkefni um starfsendurhæfingu



Frá undirskrift um samstarfsverkefnið

Í apríl 2006 gekk Vinnumálastofnun til samstarfs við þrjár heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu um tilraunaverkefni um starfsendurhæfingu. Meginmarkmið verkefnisins var að byggja upp þverfaglega endurhæfingu þannig að unnið væri sem mest samtímis við meðferð og atvinnuleit. Þannig yrði gripið fyrir inn í óvinnuferlið og einstaklingurinn virkjaður sem fyrst í atvinnuleit. Til að sinna þessu verkefni var Sif Eiríksdóttir ráðin í 60% starfshlutfall og hafði hún aðstöðu á þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar

á Engjateigi 11. Gunnar Kr. Guðmundsson, endurhæfingarlæknir, var fenginn til að hafa umsjón með verkefninu. Verkefnið gekk vel og var ákveðið að framlengja það og útvíkka. Í októberlok 2007 var undirrituð yfirlýsing um samstarfsverkefni um tilrauna- og rannsóknarverkefni um starfsendurhæfingu til þriggja ára. Samstarfsaðilarnir eru: Vinnumálastofnun, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Heilsugæslan í Salahverfi, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Tryggingastofnun ríkisins.

EURES / EES-vinnumiðlun



Fundur í samstarfsneti Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja sem starfar innan EURES

EURES (EUROpean Employment Services) er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á Evrópska Efnahagssvæðinu. Öll 30 ríki EES auk Sviss taka þátt í samstarfinu. EURES netið er rekið á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins en með EES-samningnum hafa Íslendingar aðgang að þessum stóra vinnumarkaði sem telur um 490 milljónir manns. Markmiðið með starfi EURES er að auðvelda vinnandi fólki að flytjast milli EES-landa svo hægt sé að bregðast við staðbundnum sveiflum og leysa staðbundna manneklu og atvinnuleysi. Um 750 EURES ráðgjafar með sérfræðilþekkingu á atvinnumálum EES mynda samstarfsnet í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Metár í starfi EURES

Í því þensluástandi sem ríkt hefur undanfarin ár hefur fjöldi erlendra starfsmanna á Íslenskum vinnumarkaði vaxið mjög hratt. Stjórnvöld tóku þá ákvörðun að beina eftirspurn íslenskra fyrirtækja eftir starfsfólki fyrst og fremst að Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta var gert fyrst með því að einfalda ferli atvinnuleyfa og flýta afgreiðslutíma vegna ríkisborgara Austur Evrópu ríkjanna sem urðu aðilar að ESB árið 2004. Eftir tveggja ára aðlögunartíma þann 1. maí 2006 var svo ákveðið að aflétta takmörkunum á frjálsum flæði fólks frá nýju aðildarríkjunum. Um leið voru reglur um atvinnuleyfi vegna fólks utan EES hertar. Þeirri umframeftirspurn eftir vinnuafli sem ríkt hefur síðustu ár, var því að langmestu leyti mætt með starfsmönnum af EES, ekki síst frá nýju aðildarlöndunum í austri. Árið 2006 var hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi komið upp í 6% og um 10% af starfandi fólki á vinnumarkaði þegar mest var. Ísland er það land gömlu EES ríkjanna sem að Írlandi undanskildu hefur tekið á móti hlutfallslega flestum innflytjendum frá nýju aðildarríkjunum eftir stækkun ESB 2004, enda óviða verið annað eins þensluástand og eftirspurn eftir vinnuafli.

Þessi þróun hefur haft mikil áhrif á starfsemi EURES á Íslandi og eftirpurn eftir þjónustu skrifstofunnar hefur margfaldast á síðustu misserum. Fyrir árið 2004 bárust milli 70 og 80% allra umsókna frá norðurlandabúum og langstærstur hluti starfa (78% árið 2002) voru landbúnaðar- og sláturhúsastörf. Önnur störf voru í ferðaþjónustu og fiskvinnslu auk ýmissa mjög sérhæfðra starfa. Þau störf sem rötuðu inn á borð EURES voru því svo til eingöngu störf sem ekki fengust Íslendingar í. Í kjölfar hagsveiflunnar og aukinnar vinnuafliþarfar íslenskra fyrirtækja hefur framboð og fjölbreytni starfa aukist mjög.

296 fyrirtæki leituðu þjónustu EURES á árinu, en laus störf voru 1180 (46,7% aukning í verkbeiðnum frá fyrra ári) og vitað er um 786 ráðningar (361 ráðning árið 2005), en oft gengur illa að fá staðfestingar um ráðningar frá fyrirtækjum. Störfum í ferðaþjónustu fjölgaði (voru 262 eða 22,2%) einnig þjónustustörfum ýmiskonar (209 eða 17,7%), en þar eru ráðningar til pósthúsanna flestar. Nokkuð dró úr eftirspurn í byggingariðnaði (157 störf, 13,3%). Svipaður fjöldi og árið áður var ráðinn í sláturtíðina en sú breyting varð að Pólverjum fjölgaði í þessum störfum en Svíum fækkaði. 225 störf voru í matvælaíðnaði (sláturhús og fiskvinnsla) eða 19%. Annars skiptust störfin þannig: landbúnaður 122 störf eða 10,3%, bílstjórar 3,4%, verksmiðjustörf 3,4%, lagerstörf 1,8% og heilbrigðisþjónusta 1,6%. Eins og áður kom fram hefur fjölbreytni starfa aukist mjög og hefur í auknu mæli verið leitað til EURES vegna sérfræðistarfa svo sem hjúkrunarfræðinga, sjúkráþjálfara og verkfræðinga.

Eins og áður kom fram hefur eftirspurn eftir þjónustu EURES vaxið mjög, áþreifanlegast er stórauvin fjöldi viðtala við erlenda atvinnuleitendur. Þeim hefur fjölgað verulega sem koma gagngert í atvinnuleit til Íslands og

stór hluti þeirra byrjar á því að heimsækja skrifstofu EURES. Umsóknnum sem berast EURES á Íslandi hefur fjölgað umtalsvert á síðstu tveimur árum. Fjölgunin er langmest í umsóknnum frá nýju aðildarríkjum ESB í Austur Evrópu. Það bárust einungis um 80 umsóknir frá nýju aðildarríkjum ESB árið 2004, 2938 umsóknir bárust árið 2005 en 5175 eða 43% allra umsókna árið 2006. Alls bárust á síðasta ári 11.908 umsóknir í rafrænan umsóknargrunn EURES, en auk þess berst nokkur fjöldi með tölvupósti. Langflestar umsóknir berast frá Pólverjum (30%) og svo Svíum (20%) en í Svíþjóð hefur atvinnuleysi ungs fólks lengi verið nokkuð hátt og viss hefð skapast fyrir því að sækja tímabundin störf á Íslandi.

Sú þjónusta sem EURES veitir virðist vera vel þekkt meðal erlendra starfsmanna hér á landi og seinni hluta síðasta árs jókst þjónusta við erlenda starfsmenn sem komnir voru í vinnu hérlendis en vildu fá betur borguð störf eða aukavinnu. Fjöldi umsækjenda hjá EURES sem komin er til landsins hefur aukist mjög og var um 8% af heildarfjölda umsækjenda árið 2006. Það færast einnig í vöxt að atvinnurekendur vilji einungis umsóknir frá fólki sem komið er til landsins.

Fáir íslenskir atvinnuleitendur komu á skrifstofuna gagngert til að leita sér að vinnu erlendis. Líklega vegna þeirrar miklu þenslu og eftirspurnar sem ríkt hefur á vinnumarkaði hér á landi. Auk þess hafa möguleikar á sjálfshjálpi gegnum nýja sjálfstæða vefsíðu EURES www.eures.is aukist. Þjónusta við fólk á leið erlendis til náms eða starfa felst annars fyrst og fremst í aðstoð og upplýsingagjöf og hjálp til sjálfshjálpar og við vitum því sjaldnast hversu margir hafa farið til starfa erlendis fyrir tilstuðlan EURES.



European Year of Worker's Mobility

Evrópusambandið tileinkaði árið 2006 hreyfanleika vinnuafis á evrópskum vinnumarkaði. Miklar umræður hafa verið innan ESB um að hreyfanleiki vinnuafis innan EES væri ekki nógu mikill, einkum í samanburði við

Bandaríkin (einungis um 2% miðað við um 6% í BNA). Er þetta talið hafa neikvæð áhrif á efnahagslífið, hagvöxt og atvinnuleysi. Vaxandi áhersla er á hreyfanleika sem tæki til að ná markmiðum Lissabon áætlunarinnar um samkeppnishæfan vinnumarkað á EES og hefur vægi EURES sem áhrifaríks tækis í þeirri viðleitni að stuðla að auknum hreyfanleika aukist.

EURES á Íslandi stóð fyrir kynningu á atvinnu- og námstækifærum í Evrópu, þar sem EURES ráðgjafar frá Bretlandi, Spáni, Svíþjóð, Danmörku og Noregi kynntu atvinnutækifæri í sínum heimalöndum auk þess sem Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins, Leonardo og fleiri Evrópuskrifstofur kynntu starfsemi sína. Samhliða kynningunni var haldin ráðstefna um íslenskan vinnumarkað í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins. Á ráðstefnunni fjölluðu innlendir og erlendir sérfræðingar um þróun á vinnumarkaði og aukið innflæði erlendra starfsmanna eftir stækkun ESB til austurs. Sérstaklega var fjallað um þróun mála á Eystrasaltssvæðinu, í Noregi og Póllandi og gafst þannig tækifæri til að spegla stöðu mála hér á landi í því sem er að gerast erlendis. Erindin og annað efni tengt ráðstefnunni má nálgast á:

www.vinnumalastofnun.is/frettir/nr/1088

EURES tekur þátt í ýmsum kynningum á atvinnu- og námstækifærum hérlendis sem erlendis m.a. í samstarfi við aðrar Evrópu skrifstofur. Helstu kynningar hér á landi eru Útþrá sem Hitt Húsið heldur tvisvar á ári, Alþjóðadagur HÍ sem Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins stendur fyrir og Framadagar sem AISEC, alþjóðleg stúdentasamtök skipuleggja. Starfsmenn EURES kynntu einnig atvinnutækifæri hérlendis á atvinnumiðlunarkynningum (job-fair) í Varsjá í Póllandi og Liptov í Slóvakíu.

Eins og fyrri ár var haldin fundur fyrir tengiliði EURES, forstöðumenn og vinnumiðlara í innlendri vinnumiðlun. Markmiðið var að efla samþættingu EURES við innlenda vinnumiðlun, efla innra starf og kynna starfsemi EURES og hvernig hún gæti best nýst innlendri vinnumiðlun í daglegu starfi. Áhersla var lögð á hagnýta þætti svo sem notkun rafræns umsóknargrunns EURES sem vinnumiðlarar geta nýtt sér þegar ekki tekst að manna störf innanlands. Einnig var farið í gerð atvinnuauklýsinga á ensku, en störf sem sett eru inn í innlenda kerfið Alsam birtast nú sjálfvirkir á heimasíðu EURES <http://europa.eu.int/eures>. Þær auðlýsingar sem taldar eru eiga sérstakt erindi til hinna EES landana eru sérmerktar Evrópufánum og þýddar.

EURES á Íslandi tekur þátt í tveimur svæðisbundnum



Þátttakendur í EURES seminarium um E-303, í Uppsölum, Svíþjóð 21. - 23. mars 2006

samstarfsverkefnum innan EURES samstarfsins. Annars vegar er Norra Nordiska Nätverket, sem er samstarfsvettvangur vinnumiðlana á nyrstu svæðum Norðurlandana. Fundir eru haldnir einu sinni á ári og hefur þessi hópur í gegnum árin verið okkar nánustu samstarfsmenn. Samvinna af þessu tagi er mjög mikilvæg fyrir EURES á Íslandi en vegna smæðar starfseminnar hér á landi er mikilvægt að geta lært af því sem verið er að gera erlendis. Auk þess hefur stór hluti starfsmanna sem kemur erlendis frá til starfa í landbúnaði, sláturhúsum og fiskvinnslu, komið frá þessu svæði og reynst mjög vel, þar sem fólkið kemur úr svipuðu umhverfi og hefur því raunhæfar væntingar.

Samstarf milli nágrannaþjóða er mjög mikið innan EURES samstarfsins þar sem hreyfanleiki vinnandi fólks er yfirleitt mun meiri milli nágrannaþjóða en fjarlægari landa, þannig hefur hreyfanleiki starfsfólks milli Norðurlandana verið um helmingi meiri en almennt gerist á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig hefur EURES á Íslandi verið virkur þátttakandi í Nordic-Baltic samstarfinu, sem öll átta Norðurlönd og Eystrasaltslöndin taka þátt í, en það er mun viðameira en NNN samstarfið og stendur fyrir fjölmörgum námskeiðum svo sem sameiginlegu fornámskeiði (Pre Initial Training) sem allir tilvonandi EURES ráðgjafar þurfa að sækja áður en farið er í hina eiginlegu þjálfun á vegum ESB. Einnig er haldið námskeið einu sinni á ári fyrir forstöðumenn opinberra vinnumiðlana í því augnamiði að vinna að aukinni samþættingu. Hugrún Jóhannesdóttir forstöðukona Vinnumálastofnunar á höfðuborgarsvæðinu og Ólöf Magna Guðmundsdóttir forstöðukona Vinnumálastofnunar Austurlands tóku þátt í ráðstefnu í Malmö í Svíþjóð. Einnig eru haldnir

vinnufundir EURES ráðgjafa, þar sem þeim gefst færi á að vinna saman að ýmsum verkefnum sem nýtast vel í starfinu.

Árið 2006 einnkenndist af miklum mannbreytingum á EURES skrifstofunni. Jón Sigurður Karlsson deildarstjóri fór til annarra starfa innan stofnunarinnar um áramótin 2005/2006. Í lok febrúar var Valdimar Ólafsson stjórn málafræðingur ráðinn til EURES og í október byrjaði Þóra Ágústsdóttir MA í Evrópufræðum hjá skrifstofunni í hálfu starfi.

Karl Sigurðsson lét af störfum sem EURES Manager í byrjun október og Dröfn Haraldsdóttir tók við því starfi, en starfar einnig áfram sem EURES ráðgjafi í hálfu starfi. Bæði Þóra og Valdimar hlutu þjálfun sem EURES ráðgjafar á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í byrjun árs 2007.

Atvinnuleysi er nú tekið að lækka almennt á Evrópska efnahagssvæðinu og stendur meðaltalið nú í kringum 7% og áætlað er að það munu lækka enn meir í nánustu framtíð. Lönd svo sem Írland, Bretland, Danmörk, Noregur og Holland hafa lengi ráðið fólk erlendis frá vegna mikillar eftirspurnar, en nú vantar einnig í marga geira í t.d. Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi, Eystrasaltslöndunum, Póllandi, Slóveníu og Tékklandi. Samkeppnin um hæft starfsfólk, ekki síst sérfræðinga ýmiskonar er talin munu harðna í takt við að þjóðir Evrópu eru að eldast og hlutfall fólks á vinnufærum aldri að lækka. Mikið er nú mikið rætt um leiðir til að bregðast við þessari þróun, m.a. með því að fá fólk utan svæðisins til starfa.

Fæðingarorlofssjóður til Vinnumálastofnunar



Starfsfólk Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga ásamt Sigurði P. Sigmundssyni, forstm. rekstrarsviðs, Óðni Baldurssyni, deildarstjóra tölvudeildar, og Þorvaldi Inga Jónssyni, stjórnunarðgjafa.

Félagsmálaráðherra ákvað í desember 2005 að framlengja ekki samningi félagsmálaráðuneytisins við Tryggingastofnun ríkisins um Umsýslu Fæðingarorlofssjóðs sem rann út 31. desember 2006. Þess í stað óskaði hann eftir því í byrjun janúar 2006 að Vinnumálastofnun tæki að sér þetta viðamikla verkefni frá 1. janúar 2007. Til marks um umfang Fæðingarorlofssjóðs má nefna að á fjárlögum 2007 er gert ráð fyrir að útgreiðslusjóðsins verði um 7,8 milljarðar króna og að viðskiptavinir verði um átta þúsund. Undirbúningur að flutningi Fæðingarorlofssjóðs yfir til stofnunarinnar hófst þegar í janúar 2006. Þannig var fyrsti fundur með fulltrúum TR og félagsmálaráðuneytis haldinn 18. janúar 2006. Ákveðið var að Sigurður P. Sigmundsson myndi hafa yfirumsjón með undirbúningi að flutningi og uppbyggingu sjóðsins á nýjum stað.

Umfangsmesti þátturinn í undirbúningnum var hönnun nýs hugbúnaðarkerfis fyrir sjóðinn, en stofnunin mat það mun vænlegri kost heldur en að nýta eldra kerfi sjóðsins sem þótti þunglamalegt og flókið. Gerður var samningur við Skýrr um hönnun og innleiðingu nýs hugbúnaðarkerfis fyrir sjóðinn og hófst sú vinna í júlí 2006 og var kerfið tilbúið til notkunar í lok janúar 2007. Þar sem útreikningskerfi Fæðingarorlofssjóðs er flókið var það í raun í stöðugri þróun langt fram eftir árinu 2007. Þetta kerfi er byggt á Navison og býður upp á áhugaverða þjónustumöguleika í næstu framtíð svo sem að viðskiptavinir geti sent umsóknir sínar til sjóðsins með rafrænum hætti. Ein þeirra nýjunga sem þegar hefur verið tekin í notkun er að senda greiðsluáætlanir og launaseðla rafrænt í heimabanka viðskiptavina.

Nýrri starfseiningu Fæðingarorlofssjóðs var valinn staður á Hvammstanga, en framan af ári 2006 var nokkur óvissa um staðarval. Um 250 fm húsnæði var tekið á leigu af Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga á Strandgötu 1

þar sem áður voru skrifstofur félagsins. Húsnæðið var algerlega tekið í gegn og var sem nýtt þegar það var tekið í notkun um miðjan nóvember.

Starfsmenn Fæðingarorlofssjóðs innan TR voru níu og með stoðþjónustu hinna ýmsu deilda innan TR mátti reikna til viðbótar 3-4 stöðugildi. Lagt var upp með að umfang starfseminnar yrði svipað í upphafi og var hjá TR, en þó með nokkrum breytingum á einstökum störfum. Þannig var ákveðið að sameina starf forstöðumanns og lögfræðings í eitt starf. Strax um miðjan mars 2006 var ljóst að enginn þáverandi starfsmaður sjóðsins væri tilbúinn til að flytja út á land. Þegar í apríl var komin mikil hreyfing á starfsmenn sjóðsins og í lok þess mánaðar höfðu sjö af níu starfsmönnum sjóðsins sagt upp. Til að tryggja að mikilvæg reynsla og þekking myndi skila sér yfir til Vinnumálastofnunar ákvað stofnunin að ráða tvo af þáverandi starfsmönnum sjóðsins frá 1. janúar 2007 sem yrðu staðsettir á þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar að Engjateigi 11. Störfin á Hvammstanga voru auglýst laus til umsóknar í ágúst og bárust um 40 umsóknir frá mjög frambærilegu fólki. Greinilegt var að koma sjóðsins til Hvammstanga vakti mikla athygli og áhuga heimamanna. Í september var gengið frá ráðningu níu starfsmanna. Forstöðumaður var ráðinn Leó Örn Þorleifsson, lögfræðingur, sem starfaði áður hjá Tryggingastofnun í Reykjavík. Í framhaldinu fóru hinir nýráðnu starfsmenn í tveggja vikna þjálfun hjá TR.

Starfsmenn Fæðingarorlofssjóðs á haustdögum 2007 eru tíu á Hvammstanga og þrír á Engjateigi 11 í Reykjavík. Öll vinnsla fer fram á Hvammstanga, en símsvörun og ýmis upplýsingaþjónusta í Reykjavík. Aðrar þjónustustöðvar Vinnumálastofnunar um land allt sinna jafnframt upplýsingaþjónustu um fæðingarorlof og fæðingarstyrki.

Erlendir ríkisborgarar á Íslandi

Flutningur erlendra ríkisborgara til Íslands og fjöldi þeirra á íslenskum vinnumarkaði jókst mjög á árinu 2006 og var það framhald á þeirri þróun sem verið hefur síðustu ár. Fjöldi erlendra ríkisborgara var í lok árs um 18.500 manns eða um 6% af íbúafjölda í landinu og hafði fjölgað úr um 13.500 manns frá lokum árs 2005, sem var þá um 4,6% af íbúafjöldanum. Samkvæmt upplýsingum sem Hagstofan vinnur úr staðgreiðsluskrá voru að jafnaði 9.010 erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði á árinu 2005 eða um 5,5% af vinnuaflinu. Sambærilegar tölur fyrir 2006 liggja ekki fyrir, en ef miðað er við að erlendum ríkisborgurum á vinnumarkaði hafi fjölgað með sama hætti og innflytjenda í heild má gera ráð fyrir að þeir hafi að jafnaði verið yfir 13 þúsund á árinu 2006, eða um 7-8% af vinnuaflinu, og nokkru fleiri í árslok þar fjölgun útlendinga var mikil allt árið.

Nokkur breyting varð á málefnum sem snerta útlendinga á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2006. Ríkisstjórnin ákvað að takmörkunum á innflutningi vinnuafis frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins skyldi ekki fram haldið frá og með 1. maí. Þau ríki sem um ræðir eru Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins tók gildi 1. maí 2004 er ofangreind ríki gerðust aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið auk Möltu og Kýpur. Gildistöku reglna samningsins um frjálsa för launafólks var þá frestað um tvö ár að því er varðar ríkisborgara ofangreindra 8 ríkja, og tók því formlega gildi þann 1. maí 2006, þar sem heimild til að fresta gildistöku þessara reglna allt fram til ársins 2009 var ekki nýtt.

Samhliða þessum breytingum var tekin um það ákvörðun að til 1. maí 2009 skyldu atvinnurekendur tilkynna til Vinnuálastofnunar um ráðningu ríkisborgara frá þessum ríkjum og skyldu ráðningasamningar fylgja tilkynningum til að auðvelda eftirlit með að viðkomandi starfsmenn fái laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Annar tilgangur með tilkynningaskyldunni var að auðvelda stjórnvöldum að meta áhrif stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins

sem og að tryggja að unnt væri að bregðast í tíma við aðstæðum sem kunna að leiða til alvarlegrar röskunar á innlendum vinnumarkaði.

Einnig var hert nokkuð á þeirri framkvæmd við útgáfu atvinnuleyfa að ekki væru veitt atvinnuleyfi til ríkisborgara ríkja utan evrópska efnahagssvæðisins nema ljóst væri að ekki fengist hæft starfsfólk í starfið innan svæðisins. Helstu undantekningar þar á tengdust atvinnuleyfum til íþróttafélaga vegna íþróttamanna og þjálfara og atvinnuleyfum vegna fjölskyldusameiningar, auk atvinnuleyfi vegna stóriðjuframkvæmda að vissu marki. Á árinu 2007 bættist svo við rýmkaðar reglur vegna útgáfu atvinnuleyfa til ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu, sem eftir inngöngu þessara ríkja í Evrópusambandið njóta svipaðs forgangs og gildi um hin nýju ríki ESB fram til 1. maí 2006.

Tölulegar upplýsingar um útgefin leyfi og skráningar þessi fjölgun endurspeglast í útgefnum atvinnuleyfum og skráningu starfsmanna frá nýju ríkjum Evrópusambandsins. Alls voru gefin út 2.849 ný tímabundin atvinnuleyfi á árinu 2006, sem er nokkur fækkun frá árinu áður, en það skýrist af því að þann 1. maí 2006 voru felldar niður aðgangstakmarkanir að íslenskum vinnumarkaði fyrir einstaklinga sem koma frá 8 nýjum ríkjum ESB, þ.e. Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi. Fyrirtæki sem ráða til sín einstaklinga frá þessum ríkjum þurfa þó að tilkynna ráðninguna til Vinnuálastofnunar og frá 1. maí til ársloka 2006 bærust alls tilkynningar um 3.999 einstaklinga sem eru nýir á vinnumarkaði.

Þá voru veitt 294 atvinnuleyfi vegna nýs vinnustaðar, 2.019 framlengd atvinnuleyfi og 138 óbundin atvinnuleyfi, auk 45 atvinnuleyfa til sérhæfðra starfsmanna. Þá voru ríflega 1.200 manns skráðir sem áður höfðu verið á íslenskum vinnumarkaði, atvinnuleyfi hafa verið að renna út eða skipt hefur verið um vinnustað.

Að auki komu yfir 1.100 manns til starfa hér á vegum starfsmannaleiga á árinu 2006, þó margir þeirra hafi starfað hér um fremur skamma hríð, og voru ríflega 700 þeirra starfandi hér á landi í árslok.

	2002	2003	2004	2005	2006
Ný tímabundin leyfi	502	563	1.374	3.965	2.849
Nýjar skráningar					3.999
Nýr vinnustaður	506	295	236	344	294
Framlengd tímabundin leyfi	1.796	1.434	1.135	1.569	2.019
Óbundin atvinnuleyfi	680	714	824	349	138
Skráningar, áður á vinnumarkaði					1.203
Námsmannaleyfi	122	134	134	96	73
Vistráðningarleyfi	28	33	42	39	68
Sérhæfðir starfsmenn	3	131	5	5	45
Samtals	3.637	3.304	3.750	6.367	10.688

Íslenskum vinnumarkaði



Þó um 4.000 skráningar hafi borist frá nýju ríkjunum á árinu 2006 bendir útgáfa kennitalna hjá Þjóðskrá til ríkisborgara frá nýju ríkjunum til að nálægt 1.800 ríkisborgarar að auki hafi verið hér á landi í árslok 2006 frá þessum ríkjum án þess að hafa verið skráðir hjá Vinnuálastofnun og flestir þeirra á vinnumarkaði.

Veitt atvinnuleyfi og skráningar ríkisborgara frá ríkjum utan gamla EES, eftir þjóðernum, störfum og landsvæðum

Líkt og undanfarin ár eru Pólverjar fjölmennastir í hópi þeirra sem fengu atvinnuleyfi eða voru skráðir á vinnumarkað á árinu 2006. Ef litið er á ný tímabundin leyfi og nýjar skráningar saman voru 2/3 hlutar þess hóps Pólverjar á árinu 2006 og hafði hlutur þeirra aukist úr um 54% árið 2005. Ef litið er á þá sem fengu endurnýjuð leyfi og skráningar, þ.e. höfðu verið hér á vinnumarkaði áður er hlutur Pólverja aðeins um þriðjungur, en ríkisborgarar frá Asíu eru þar litlu færri.

Um helmingur þeirra sem komu nýir á vinnumarkað á árinu 2006 fóru til starfa í byggingariðnaði og lækkaði hlutfallið lítið eitt frá árinu 2005. Af þeim sem fengu endurnýjuð leyfi/skráningu starfaði heldur lægra hlutfall í byggingariðnaði, eða um 43%.

Um 80% þeirra sem komu nýir á vinnumarkað árið 2006 voru karlar en meðal þeirra sem voru áður á vinnumarkaði var hlutfall karla nokkru lægra, eða tæp 70%.

Þegar litið er á þá sem komu nýir á vinnumarkað má sjá að hlutfall þeirra, sem komu til starfa á höfuðborgarsvæðinu, jókst mikið á árinu 2006 og var komið í tæp 50% en var um þriðjungur árið áður. Þá hefur hlutur Austurlands minnkað nokkuð, eða úr um 40% í 24%. Litlar breytingar hafa hins vegar orðið milli 2005 og 2006 hvað búsetu varðar þegar litið er á þá sem hafa verið áður á vinnumarkaði, en rúm 40% slíkra leyfa/skráninga voru vegna starfsfólks á höfuðborgarsvæðinu en tæp 60% annars staðar á landinu.

	Ný tímabundin atvinnuleyfi og skráningar á nýjum á vinnum				Nýr vinnust., framl. og óbundin og endurnýjunar-skráningar			
	2005		2006		2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
PÓLLAND	2.093	54%	4.623	68%	700	32%	1.219	34%
ÖNNUR NÝ EB	615	16%	1.370	20%	294	13%	437	12%
ÖNNUR EVR.+N. AMERÍKA	493	13%	353	5%	398	18%	675	19%
ASÍA	552	14%	348	5%	665	30%	1.094	30%
ÖNNUR RÍKI	138	4%	113	2%	144	7%	185	5%

	Ný tímabundin atvinnuleyfi og skráningar á nýjum á vinnum				Nýr vinnust., framl. og óbundin og endurnýjunar-skráningar			
	2005		2006		2005		2006	
Iðnaður og landb.	497	13%	1.012	15%	255	13%	479	14%
Fiskveiðar og -vinnsla	497	13%	790	12%	429	23%	516	15%
Byggingariðnaður	2.078	54%	3.279	48%	615	33%	1.514	43%
Verslun og þjónusta	760	20%	1.707	25%	564	30%	984	28%

	Ný tímabundin atvinnuleyfi og skráningar á nýjum á vinnum				Nýr vinnust., framl. og óbundin og endurnýjunar-skráningar			
	2005		2006		2005		2006	
Höfuðborgarsv.	1.266	32%	3.286	48%	879	40%	1.541	42%
Landsbyggðin	2.630	68%	3.540	52%	1.345	60%	2.096	58%
Þar af Austurland	1.560	40%	1.631	24%	613	28%	1.161	32%

Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðasjóður launa starfar samkvæmt lögum nr. 88/2003. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans. Vinnumálastofnun annast skrifstofuhald fyrir sjóðinn á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn tilnefndir af ASÍ og VSÍ, og einn skipaður af félagsmálaráðherra. Stjórn sjóðsins var þannig skipuð árið 2005: Formaður var Sævar Þór Sigurgeirsson og aðrir í stjórn voru þau Ingvar Sverrisson og Álfheiður Sívertsen.

Útgjöld sjóðsins

Heildargreiðslur Ábyrgðasjóðs launa árið 2005 námu 434 m.kr. Árleg útgjöld sjóðsins stóðu tiltölulega í stað á tímabilinu 2002 - 2005 en útgjöld tvöfölduðust á milli árána 2001 og 2002. Útgjöld lækkuðu þó töluvert á milli árána 2005 og 2006.

Útgjöld vegna þrotabúa voru tæpar 432 m.kr. og vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja um 2 m.kr. Greiðslur vegna vangoldinna launa og slita á ráðningarsamningi námu 140 m.kr. og vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda 160 m.kr. þar af um 9 m.kr. vegna séreignasparnaðar. Launagreiðslurnar lækkuðu um 100 m.kr. frá árinu 2005 og lífeyrissjóðsgreiðslurnar lækkuðu um 102 m.kr. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins muni hækka um 15 – 20% á árinu 2007 miðað við árið 2006. Fleiri stór þrotabú hafa borist sjóðnum á yfirstandandi ári miðað við árið 2006 og skýrir það að mestu leyti þessa

aukningu. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði álíka mikil á árunum 2007 og 2008 þar sem atvinnuleysi hefur verið í lágmarki en fylgni hefur verið á milli atvinnuleysis og greiðslna úr sjóðnum á síðustu árum.


Alls fengu 530 launamenn greitt úr sjóðnum á árinu 2006 og gera má ráð fyrir að fjöldi launamanna á þessu ári verði á bilinu 550-600.

Framundan hjá sjóðnum

Áhersla í starfi Ábyrgðasjóðs launa á árinu 2007 er að auka enn frekar skilvirkni rafrænna skráninga. Um 90% allra lífeyrissjóðskrafna koma með rafrænum hætti og hefur það nú þegar skilað sér hvoru tveggja í vinnusparnaði og áreiðanleika í tölulegri vinnslu. Launakröfurnar koma einnig að hluta til inn með sama hætti og er stefnt að því að svipað hlutfall launakrafna verði sent inn rafrænt í náinni framtíð.

Samkvæmt lagabreytingu sem gerð var í janúar 2007 er ábyrgð sjóðsins á lífeyrissjóðsiðgjöldum vegna iðgjalda í samtryggingarsjóð nú 12%. Ábyrgð sjóðsins á Mótframlagi atvinnurekenda hækkaði úr 6% í 8% frá 1. janúar 2007 eða alls úr 10% í 12%.

Heildargreiðslur úr Ábyrgðarsjóði launa síðasliðin ár á verðlagi hvers árs



Greiðslur úr Ábyrgðasjóði launa

SUNDURLIÐUN EFTIR ATVINNUGREINUM		2005	2006
ATVINNUGREIN		HEILDARFJÁRHÆÐ	HEILDARFJÁRHÆÐ
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	12.247.237	5.019.038
B	Fiskveiðar	59.310.579	66.868.517
C	Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	0	0
DA	Matvæla og drykkjarvöruiðnaður; tókabsiðn.	64.021.013	39.875.717
DB	Textíl- og fataiðnaður	5.407.149	280.137
DC	Leðuriðnaður	0	451.575
DD	Trjáiðnaður	340.354	419.339
DE	Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi	72.008.563	5.716.726
DF	Framleiðsla á koxi, olíuvörum	0	0
DG	Efnaiðnaður	0	0
DH	Gúmmí og plastvöruframleiðsla	91.432	1.453.914
DI	Gler-, leir-, og steinefnaíðnaður	255.290	0
DJ	Málmiðnaður	6.988.606	3.624.006
DK	Vélsmiði og vélaviðgerðir	24.551.454	26.119.286
DL	Rafmagns og rafeindaiðnaður	1.273.367	115.469
DM	Framleiðsla samgöngutækja	19.929.124	28.994.826
DN	Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður	21.170.958	1.500.345
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	62.862.737	43.467.318
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	80.645.681	58.025.528
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	63.798.085	52.303.686
I	Samgöngur og þutningar	56.047.944	4.956.839
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissj. og váttryggingar	1.204.489	766.735
K	Fasteignaviðsk., leigust., og sérhæfð þjónusta	68.566.108	65.747.596
M	Fræðslustarfsemi	515.888	0
N	Heilbrigðis og félagsþjónusta	18.195.550	1.012.577
O	Önnur samfélagsþjón., félagast., menningarst.	21.416.659	10.087.176
P	Ótilgreind starfsemi	17.059.016	17.711.021
SAMTALS		677.907.283	434.517.371

Atvinnuleysisstryggingar

Með nýjum lögum um atvinnuleysisstryggingar sem tóku gildi 1. júlí 2006 urðu margháttaðar breytingar á umsýslu með atvinnuleysisstryggingum landsmanna. Ein meginbreytingin felst í að ákvarðanir um bætur, réttindi og skyldur eru teknar af Vinnumálastofnun en ekki sérstökum úthlutunarnefndum. Öll ákvarðanatöku um útreikning og greiðslu atvinnuleysisbóta var færð á eina hendi hjá sérstakri greiðslustofu atvinnuleysisstrygginga, sem staðsett er á Skagaströnd. Ein úthlutunarnefnd er þó starfandi sem metur ýmis vafamál og leggur línur um greiðslur atvinnuleysisstrygginga. Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að meira samræmi við ákvarðanatöku er varða atvinnuleysis-tryggingar fólks. Móttaka skráninga þeirra sem óska atvinnuleysisstrygginga og allra fylgigagna er sem fyrr á hendi þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar og þeirra skráningarstaða sem stofnunin hefur gert samkomulag við víða um land.

Ferlinu við þjónustu við þá sem þiggja atvinnuleysisbætur var breytt nokkuð. Lögð var af regluleg skráning, eða stimplun, sem fólst í því að þeir sem voru á atvinnuleysisráð þurftu að mæta reglulega og yfirleitt vikulega í afgreiðslu þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar (svæðisvinnumiðlunum) og staðfesta að þeir væru enn án vinnu. Áfram var þó gerð krafa um að þeir tilkynntu tímanlega fyrir útborgunardag, eða milli 20 og 25 hvers mánaðar, hvort þeir væru enn án atvinnu. Er það gert rafrænt í gegn um heimasíðu stofnunarinnar, eða með tölvupósti eða símtali við tiltekinn starfsmann viðkomandi þjónustuskrifstofu. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur tilkynni án ástæðulausrar tafar til Vinnumálastofnunar þegar virkri atvinnuleit er hætt.



Það tímabil sem bætur eru að hámarki greiddar fyrir var stytta úr fimm árum í þrjú ár. Jafnframt var tekin upp tekjutenging atvinnuleysisbóta þannig að þrjár fyrstu mánuðir í atvinnuleysi eru tekjutengdir miðað við ákveðið hlutfall af fyrri tekjum og að ákveðnu hámarki, þó eru menn á grunnbótum fyrstu þrjá dagana. Var það samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins að taka upp tekjutengingu sem lið í almennum aðgerðum á vinnumarkaði, og hrint í framkvæmd með þessum lögum.

Atvinnuleysisstryggingum sjálfstætt starfandi eru gerð skil í þessum nýju lögum og féllu þá úr gildi eldri lög um atvinnuleysisstryggingar sjálfstætt starfandi. Eftir sem áður er Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi áfram sérstakur sjóður sem hefur með atvinnuleysisstryggingar bænda, sjómanna og vörubifreiðastjóra að gera.



Fundur norrænnar samskiptanefndar um atvinnuleysisstryggingar í Reykjavík í maí 2006


Tekjur af tryggingagjaldi og greiðslur atvinnuleysisbóta



Atvinnuleysisstryggingasjóður

Lög nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar tóku við af eldri lögum á miðju ári 2006. Samkvæmt lögum annast Vinnumálastofnun, sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði sjóðsstjórnar. Félagsmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins samkvæmt tilnefningum aðila vinnumarkaðarins, en formann stjórnarinnar án tilnefningar.

Með lögum var skipað ný stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs og var stjórnin þannig skipuð á árinu 2006: Formaður Ólöf Sveinsdóttir og aðrir í stjórn þau Sigrún Björk Jakobsdóttir, Guðmundur Þ Jónsson, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Ína Halldóra Jónasdóttir, Jón H.



Starfsfólk Vinnuálfurinn á vinnufundi í ársbyrjun 2006

Magnússon, Jón Rúnar Pálsson, Halldóra Friðjónsdóttir og Jón Magnússon.

Sjóðurinn hefur einkum tekjur af atvinnuþryggingagjaldi. Á árinu 2006 námu tekjur sjóðsins, að fjármunatekjum frátöldum, um 4.376 milljónum króna sem er nokkru hærra en árið 2005 þegar þær námu 3.524 milljónum. Fjármunatekjur voru 864 milljónir og hafa hækkað töluvert frá árinu 2005 þegar þær námu 541 milljónum.

Enn dró mikið úr atvinnuleysi árið 2006 miðað við árið á undan eða úr 2,1% í 1,3%. Greiðslur atvinnuleysisbóta námu 2.370 milljónum á árinu 2006 samanborið við 3.153 milljónir árið á undan. Sérstök framlög til starfsmenntunar voru 120 milljónir árið 2005 sem er lítils háttar aukning frá árinu á undan þegar slík framlög voru 115 milljónir. Eignir sjóðsins voru í árslok 2006 um 10.740 milljónir króna en voru um 8.428 milljónir í árslok 2005. Er sjóðurinn að styrkjast verulega í því litla atvinnuleysi sem verið hefur síðustu misseri og er vel í stakk búinn að takast á við auknar greiðslur ef atvinnuleysi skyldi fara vaxandi á komandi árum.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga


Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Um er að ræða tryggingasjóð vegna atvinnuleysis bænda, vörubifreiðastjóra og smábátæigenda, og er heimild í lögum til að bæta við öðrum starfsgreinum.

Sjóðurinn er í umsjá Vinnuálfurinn í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af samtökum þeirra starfsgreina sem aðild eiga að sjóðnum og skipar félagsmálaráðherra formann stjórnar án tilnefningar. Á árinu 2006 var skipuð ný stjórn Tryggingasjóðsins: Elín Líndal var formaður, Örn Pálsson, Knútur Halldórsson, Sigríður Bragadóttir.

Tekjur sjóðsins eru einkum af atvinnuþryggingargjaldi sjóðfélaga og námu um 9,4 milljónum árið 2006. Er það töluvert minni tekjur en og árið á undan þegar tekjur sjóðsins voru rúmar 25 milljónir. Fjármunatekjur

voru 24,7 milljónir á árinu sem er veruleg aukning frá árinu 2005 þegar þær voru rúmlega 16 milljónir. Greiðslur atvinnuleysisbóta drögust saman á milli ára og námu um 11 milljónum árið 2006 en voru um 14 milljónir árið 2005. Eignir sjóðsins voru í árslok 2006 256 milljónir en voru í lok ársins 2005 um 237 milljónir.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga



Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta

Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta er skipuð af félagsmálaráðherra til fjögurra ára í senn skv. 11. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Í úrskurðarnefndina voru skipuð á árinu 2005 til fjögurra ára þau Linda Björk Bentsdóttir, formaður nefndarinnar, Elín Blöndal og Arnar Þór Jónsson.

Fjöldimálasemskotið hefur verið til úrskurðarnefndarinnar hefur farið fækkandi með árunum. Þannig kvað nefndin upp 81 úrskurði á árinu 2006, 91 úrskurði árið 2005, 99 árið 2004 og 145 árið 2003. Þessa þróun má að hluta til rekja til þess að úrskurðir nefndarinnar eru fordæmisgefandi um meðferð umsókna, auk þess sem minnkandi atvinnuleysi hefur áhrif.



Frá 586. fundi Atvinnuleysistryggingasjóðs

50 ár frá fyrsta stjórnarfundi Atvinnuleysistryggingasjóðs

Þann 24. apríl 2006 voru liðin 50 ár frá fyrsta stjórnarfundi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Lög um atvinnuleysistryggingar voru samþykkt 7. apríl 1956 en stjórn sjóðsins kom fyrst saman til fundar 24. apríl 1956.

Í tilefni dagsins hélt stjórn Atvinnuleysistrygginga-sjóðs 586. fund sinn og til að minnast afmælisins var Jóni Kristjánssyni félagsmálaráðherra og Óskari Hallgrímssyni, sem var varaformaður fyrstu sjóðsstjórnarinnar og sá eini sem eftir lifir af fyrstu stjórnarmönnum, boðið til fundarins.

Atvinnuleysistryggingasjóður gegndi veigamiklu hlutverki sem lánasjóður til atvinnustarfsemi á Íslandi fyrstu áratugina sem hann starfaði og stuðlaði þannig að því að halda uppi og auka atvinnu á erfiðum tímum. Þegar atvinnuleysi svarf að gegndi hann að sjálfsögðu því mikilsverða hlutverki að greiða atvinnuleysisbætur og síðustu áratugina hefur hann m.a. verið notaður til að styrkja atvinnuáttak sveitarfélaga þegar að hefur kreppt.

Á fundinum rakti Þorgrímur Gestsson rithöfundur aðdragandann að stofnun Atvinnuleysistryggingasjóðs og gerði stuttlega grein fyrir sögu hans fram á okkar tíma. Þorgrímur ritaði sögu sjóðsins sem kom út í apríl 2007.

Mánudaginn 30. apríl 2007 var haldið útgáfuhófi í tilefni af útkomu sögu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar ræddi Þorgrímur um tilurð bókarinnar og las valinn kafla úr bókinni. Þeir Barði Friðriksson og Óskar Hallgrímsson, einu núlifandi meðlimir í fyrstu stjórn og varastjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs voru heiðraðir með bókagjöf fyrir sinn þátt í þessu stóra skrefi í velferðarmálum á Íslandi. Einnig veittu viðtöku bókarinnar, fyrir hönd sinna samtaka, þeir Grétar Þorsteinsson formaður ASÍ og Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri SA. Þá fékk Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari bókina að gjöf, auk Þórðar Ólafssonar fyrrum formanns stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra.



Frá útgáfuhófi sem haldið var vegna útgáfu sögu Atvinnuleysistryggingasjóðs: Öryggissjóður verkalýðsins - barátta fyrir atvinnuleysistryggingum í hálföld

Starfsmenntaráð

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífnum nr. 19/1992. Það heyrir undir félagsmálaráðuneytið og fær fjárframlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði og annast Vinnuálastofnun alla umsýslu ráðsins.

Meginmarkmið Starfsmenntaráðs er að styðja viðleitni launafólks og fyrirtækja til að kljást við stöðugt flóknara vinnuumhverfi með því að efla atvinnulíf hér á landi og auka starfsmöguleika. Leiðir að því marki eru að sinna ráðgjöf til stjórnvalda á vettvangi starfsmenntunar og styðja við frumkvæði og uppbyggingu starfsmenntunar í atvinnulífnum. Í því skini veitir Starfsmenntaráð styrki til verkefna á sviði starfsmenntunar, verkefna eins og námskeiðahalds, námsgagnagerðar og rannsókna.

Starfsmenntaráð hefur umsjón með starfsmenntasjóði og árlega er auglýst eftir umsóknum í sjóðinn. Samtök atvinnurekenda og launafólks, fyrirtæki, starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina, eða menntastofnanir í samstarfi við ofangreinda aðila eiga rétt á að sækja um styrk í sjóðinn.

Viðmiðin sem Starfsmenntaráð gengur út frá við val á verkefnum til að styrkja eru að:

- **verkefnið nái til sem flestra**
- **verkefnið mæti sýnilegri þörf á endurmenntun**
- **verkefnið séu unnin í samvinnu ólíkra aðila.**

Um 55 milljónum er úthlutað árlega. Verkefni skulu stuðla að aukinni framleiðni fyrirtækja, greiða fyrir tækninýjungum og auka verkkunnáttu starfsfólks. Starfsmenntaráð fær afhend náms- og kennslugögn sem unnin hafa verið fyrir styrki úr starfsmenntasjóði og hefur góðan gagnagrunn yfir þessi gögn.

Á árinu 2006 ákvað Starfsmenntaráð að ekki yrði lögð áhersla á tiltekin verkefni eða málaflokka. Verkefni sem fólu í sér frumkvæði og nýsköpun í starfsmenntun og voru líkleg til að efla viðkomandi starfsgrein eða atvinnusvæði, nutu forgangs til styrkja umfram önnur. Þá var sérstök áhersla lögð á að verkefni sem sótt var um styrk til, væru vel undirbúin og umsóknir vandaðar.

Alls bárust 82 umsóknir frá 50 aðilum samtals að fjárhæð kr. 155.869.540. Samtals fengu 30 aðilar úthlutað styrk vegna 42 verkefna að fjárhæð kr. 54.625.000.

Auk þessara hefðbundnu styrkja voru veittir styrkir að upphæð kr. 5.871.383 á árinu til hvatningar- og rannsóknarverkefna og heildarstyrkúthlutun ársins því kr. 60.496.383.

Úthlutanir

Félagsmálaráðherra kynnti úthlutanir úr starfsmenntasjóði í húsakynnum Hótel- og matvæðaskólans í Menntaskólanum í Kópavogi. Verkefni Fræðsluráðs hótel- og matvæðagreina var tilnefnt sem áhugavert sýnishorn þeirra verkefna sem borist höfðu Starfsmenntaráði þetta árið. Markmið verkefnisins er að hanna og semja námsefni um sérfæði sem ætlað verður til kennslu í framhaldsskólum og á endurmenntunarnámskeiðum. Efnið mun jafnframt nýttast öllum þeim sem matreiða sérfæði, bæði fagfólki og almenningi.

Kynnisferðir

Á undanförunum árum hefur Starfsmenntaráð staðið að heimsóknum til ýmissa landshluta innanlands og fundað með fulltrúum atvinnulífs og skóla og farið í vinnustaðaheimsóknir, einkum í þeim tilgangi að kynna sér stöðu starfsmenntamála á svæðinu og kynna þeim starfsemi ráðsins um leið. Í febrúar 2006 fór Starfsmenntaráð í kynnisferð á Suðurland. Ferðin var skipulögð af Fræðsluneti Suðurlands.



Frá úthlutun styrkja úr starfsmenntasjóði árið 2006

Málþing Starfsmenntaráðs og félagsfundur Menntar

Í maí 2006 var haldinn félagsfundur Menntar í samvinnu við Starfsmenntaráð sem hafði hug á að halda málþing um stöðu starfsmenntunar. Vegna augljósra samlegðaráhrifa var haldinn sameiginlegur viðburður í nafni beggja aðila á Hótel Nordica þann 12. maí. Starfsmenntaráð bauð til landsins finnskum fyrirlesara Risto Kimari frá Oulu sem talaði um samstarf atvinnulífs og skóla.



Frá afhendingu starfsmenntaverðlauna árið 2006

Starfsmenntaverðlaunin

Starfsmenntaráð og Mennt stóðu að afhendingu Starfsmenntaverðlaunanna og eru þau hugsuð sem hvatning fyrir aðila sem þykja vera að vinna framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar.

Markmið verðlaunanna er að styðja við nýsköpun og framþróun starfsmenntunar á Íslandi ásamt því að vekja athygli á málefnum. Verðlaunin eru verðlaunahöfum hvatningtílfaramhaldandi starfa og öðrum til fyrirmyndar á sviði starfsmenntamála. Starfsmenntaverðlaunin eru veitt í þremur flokkum; flokki fræðsluaðila, flokki fyrirtækja og flokki einstaklinga.

Við afhendingu verðlaunanna 2006 hlutu starfsmenntaverðlaunin í flokki fyrirtækja, Alcan-stóriðjuskólinn, í flokki fræðsluaðila hlaut verðlaunin Fjölbrotarskóli Norðurlands vestra og í flokki einstaklinga hlaut verðlaunin Björg Árnadóttir.

Vika símenntunar

Vika símenntunar var haldin í september 2006. Menntamálaráðuneytið stóð fyrir Vikunni en Mennt sá um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar níu á landsbyggðinni og Mími á höfuðborgarsvæðinu.

Vika símenntunar er kynningar- og hvatningarátak og er ætlað að ná út um allt land. Markmið Vikunnar er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi menntunar og þess að ávallt er hægt að bæta við sig þekkingu. Starfsmenntaráð styrkti verkefnið að þessu sinni um 2.000.000 kr. og hefur á undanförunum árum verið aðal styrktaraðili verkefnisins utan menntamálaráðuneytis.

Úttekt á starfi og stöðu Starfsmenntaráðs

Í ljósi mikilla breytinga sem hafa átt sér stað í umhverfi atvinnu- og menntamála undanfarinn áratug var óskað eftir því við Jón Torfa Jónasson prófessor við Háskóla Íslands að hann ynni úttekt á starfi og stöðu Starfsmenntaráðs.

Þess var óskað að hann setti fram tillögur um mögulegar áherslur í starfi ráðsins á grundvelli greiningar hans á hlutverki starfsmenntaráðs og því umhverfi sem það starfar í.

Starfsmenntaráð væntir þess að skýrsla Jóns Torfa verði mikilvægt innlegg í umræðu um stöðu og framtíð starfsmenntunar hér á landi.

Þau atriði sem Jón Torfi ræðir í skýrslunni eru meðal annars:

- Að bæði hlutverk hins opinbera og verkaskiptingu opinberra aðila í þeim málaflokkum sem Starfsmenntaráð fjallar um, þurfi að ræða upp á nýtt

- Að orðið starfsmenntun sé e.t.v. ekki heppilegt í þessu sambandi

- Að Starfsmenntaráð eigi að vera til og hafi veigamiklu hlutverki að gegna

- Að Starfsmenntaráð eigi að taka miklu ákveðnara frumkvæði en það hefur gert, þótt lögin séu svolítið beggja blands í því efni. Sá tónn er einnig sleginn í stefnuþlaggi ráðsins frá árinu 2000

- Að ráðið eigi að taka félagslegt hlutverk sitt enn alvarlegar en það hefur gert

- Að ráðuneytið (stjórnvöld) hyggi betur að því hvers konar verkfæri það hugsar sér Starfsmenntaráð

Jón Torfi leggur til að ráðið noti önnur viðmið um starfsemi sína en það ákvað í janúar 2000 og nefnir í því sambandi:

- Verkefnið eignist samastað og verði sjálfbær a.m.k. í þeirri merkingu að þegar þau eru komin á legg, þá þrífist þau án atbeina Starfsmenntaráðs

- Verkefnið falli að félagslegu jöfnunarhlutverki félagsmálaráðuneytisins, bæði hvað varðar einstaklinga og fyrirtæki

- Sum verkefnið séu liður í að vaka yfir þeim brotalömum sem kunna að vera í starfsmenntun, einstaklinga, fyrirtækja eða starfsgreina

- Verkefnið yti undir nýjungar í verklagi í starfs- og endurmenntun sem henta þeim sem veikast standa.

Sjá nánar um Starfsmenntaráð á heimasíðu ráðsins www.starfsmenntarad.is

Alþjóðlegt samstarf

Norrænt samstarf

Embættismannanefnd um vinnumál og vinnuvernd (EK-A), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi, hefur það hlutverk að vera umræðuvettvangur um þessi mál á Norðurlöndum. Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu var fulltrúi Íslands í nefndinni á árinu 2006.

Undir nefndina heyra fimm fastanefndir sem fjalla um afmörkuð svið vinnumarkaðsmála. Þær eru nefnd um vinnumarkaðsmál, nefnd um atvinnulífs- og vinnuréttarmál, nefnd um innflytjendur, nefnd um vinnuumhverfi og nefnd um vinnuumhverfisrannsóknir.

Viðamikilið verkefni á árinu var endurskipulagning undirnefnda embættismannanefndarinnar og var tekin ákvörðun um að leggja niður nefnd sem hefur farið með innflytjendamál. Jafnframt var ákveðið að fela vinnumarkaðsnefndinni að fjalla um málefni innflytjenda. Þannig er stefnt að því að tengja betur en áður málefni innflytjenda og þátttöku þeirra í atvinnulífinu. Noregur var með forystu í norræna samstarfinu á árinu 2006. Áherslan í formennskuáætlun Norðmanna var norðursvæði Norður Evrópu og samstarf á sviði olíumála. Umræðan var aðallega um fjarvistir fólks frá vinnu vegna veikinda. Nefndin stóð m.a. að ráðstefnu um mismunun á vinnumarkaðnum vegna aldurs, en Ísland hefur stutt aukið norrænt samstarf á því sviði.

Nefnd um vinnumarkaðsmál

Nefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni nefndarinnar tengdust aðalmarkmiðum ráðherranefndarinnar á vinnumálasviðinu sem nær yfir tímabilið 2005-2008. Markmiðið með starfi nefndarinnar er full atvinna og að framboð og eftirspurn vinnuaflds verði í sem mestu jafnvægi. Megináherslur í starfi nefndarinnar eru tvær, annars vegar innra norrænt samstarf þar sem sjónum er einkum beint að þremur víðtækustu fagsviðum innan samstarfsins, vinnumarkaðssviði, vinnuumhverfissviði og vinnuréttarsviði og hins vegar norrænt samstarf á öðrum vettvangi en norrænum.

Í starfi nefndarinnar á árinu var lögð áhersla á þróun norræns vinnumarkaðar; vandamál sem snúa að fjarvistum vegna veikinda á vinnustöðum, afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum og norræn gildi auk framtíðareftirspurnar eftir vinnuafli. Haldin var ráðstefna í Osló í nóvember um áhrif sem frjálst flæði vinnuaflds hefur á norrænan vinnumarkað.

Ýmsum verkefnum á vegum nefndarinnar lauk á árinu: Áhrif sem alþjóðavæðing hefur á norrænan vinnu-markað og eftirspurn eftir vinnuafli, áhrif stækkunar ESB á norrænan vinnumarkað, tölfræði um fôr vinnuaflds yfir landamæri, reglur um atvinnuleysis-tryggingar á Norðurlöndum og miðlun upplýsinga um þær milli norrænu ríkjanna, norræn námstefna um vinnumarkaðstölfræði, sérfræðingafundur um sameiginleg vandamál að því er varðar vinnumiðlun á jaðarsvæðum við Norður-Atlantshaf og jafnrétti í launum kynjanna.

Nefndin styrkti ýmis verkefni á árinu s.s. samantekt á reynslu norrænu landanna af aðlögun flóttafólks og innflytjenda að vinnumarkaðnum, áhrif atvinnuleysisbóta á þátttöku fólks með takmarkaða menntun á vinnumarkaðnum og áhrif atvinnuleysisbóta. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar er fulltrúi Íslands í nefndinni.

NIAL

NIAL er samnorrænn starfshópur sem sér um fjölbreytta útgáfustarfsemi um málefni á sviði vinnumarkaðar, vinnuumhverfis og vinnuréttar. Á vegum starfshópsins eru gefin út tímaritin Arbeidsliv i Norden (AIN) og Nordic Labour Journal (NLJ). Á árinu 2006 var AIN útgefið þrisvar og er á norrænum tungum en NLJ kom út tvisvar og er útgefið á ensku. Hópurinn undirbýr einnig þátttöku Norðurlandanna í Employment Week í Brussel á hverju ári. Hópurinn fundar tvisvar á ári og fylgir formennska í hópnum formennsku í Norðurlandaráði. Norðmenn fóru með formennsku árið 2006 og fundaði hópurinn í Osló og í Kaupmannahöfn. Margrét Kr. Gunnarsdóttir hjá Vinnumálastofnun er fulltrúi Íslands í starfshópnum.



Frá EURES ráðstefnu haustið 2006

Nefnd um atvinnulíf og vinnuréttarmál

Nefndinni er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjónarmiða á sviði atvinnulífs og vinnuréttar bæði innan og utan Norðurlanda. Nefndin hefur m.a. fjallað um áhrifin af stækkun ESB á aðstæður á norræna vinnumarkaðnum, einkum á ráðningarsamband launamanns og atvinnurekanda. Á Íslandi var um skeið notað orðið launaverktaka yfir það sem hér um ræðir. Nefndin hélt áfram umræðum um þetta efni sem og starfsemi starfsmannaleiga. Á vettvangi nefndarinnar var skipst á upplýsingum um aðgerðir stjórnvalda til að hafa betra yfirlit yfir aðstreymi erlends verkafólks á norræna vinnumarkaðinn og hvernig hægt væri að koma í veg fyrir félagsleg undirboð. Nefndin ræddi væntanlega aðild Búlgaríu og Rúmeníu að ESB og þar með EES. Farið var yfir heimildir í stækkunarsamningunum til að fresta gildistöku ákvæða um frjálsa för launafólks frá þessum nýju aðildarríkjum.

Nefndin fór einnig yfir drög að nýjum tillögum að ESB-tilskipunum, m.a. tilskipun um lífeyrissgreiðslur. Rædd var tillaga um breytingu á tilskipun um aðilaskipti að fyrirtækjum svo og endurskoðun tilskipunar um útsenda starfsmenn.

Aðrar fastanefndir eru nefnd um vinnuverndarmál og nefnd um vinnuverndarrannsóknir (báðar með þátttöku Vinnueftirlits ríkisins) og nefnd um innflytjendur, en í þeirri nefnd situr fulltrúi frá félagsmálaráðuneytinu, Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

Starfandi eru tveir samstarfshópar um afmörkuð verkefni á sviði atvinnuleysisstrygginga. Samstarfshópur vegna flutnings atvinnuleysisbóta milli Norðurlanda og nefnd vegna ráðstefna um atvinnuleysisstryggingar sem haldnar eru á tveggja ára fresti. Jóngeir H. Hlinason er fulltrúi Íslands í þessum hópum.

Nokkur ungmennaskiptaverkefni eru á sviði embættismannanefndarinnar og er þeim stýrt af Norrænafélaginu. Nordjobbbyggir á ungmennaskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna. Á árinu 2006 héldu 46 íslensk ungmenni til starfa á Norðurlöndunum og 155 ungmenni komu til vinnu á Íslandi frá hinum Norðurlöndunum.

Einnig var unnið að menningartengdu verkefni um ungmennaskipti, Snorraverkefni, þar sem tekið var á móti 12 Vestur-Íslendingum sem komu til Íslands til að

kynnast fólki í sinni atvinnugrein hér á landi. Í samstarfi við Íslendingafélögin á "Nýja-Íslandi" í Manitoba fóru 8 íslensk ungmenni til sumardvalar á árinu.

Loks hafa forstjórar Norrænna vinnumiðlana með sér samstarf um framkvæmd vinnumiðlunar á Norðurlöndunum og það sem efst er á baugi hjá norrænum vinnumiðlunum.



Frá EURES fundi á Íslandi í júní 2007

Annað alþjóðlegt samstarf

Vinnumálastofnun hefur verið þátttakandi í EURES – evrópsku vinnumiðlunarsamstarfi, allt frá árinu 1994, og er fjallað ítarlega um það annars staðar í skýrslunni. Dröfn Haraldsdóttir var fulltrúi Íslands í samstarfsnetinu á árinu 2006.

Þá eiga Íslendingar áheyrnarfulltrúa í verkefni sem hefur með rannsóknarvinnu á sviði vinnumarkaðsmála að gera, EIM Programme (Employment Incentive Measures). Karl Sigurðsson er fulltrúi Íslands í verkefninu.

Gissur Pétursson forstjóri á sæti í nefnd forstjóra opinberra vinnumiðlana í Evrópu (Heads of PES)

Misep (Mutual Information System On Employment Policy) er samstarf ESB og EES ríkja varðarndi miðlun upplýsinga m.a. um vinnumarkaðsmál og tekur Frank Friðrik Friðriksson hagfræðingur þátt í því samstarfi.

Vinnumálastofnun hefur einnig með höndum miðlun upplýsinga og skýrslugerð um vinnumarkaðinn til alþjóðastofnana, einkum ILO og OECD.

Svipmyndir úr 10 ára sögu Vinnumálastofunar



Svipmyndir úr 10 ára sögu Vinnumálastofunar



ÁRSREIKNINGAR VINNUMÁLASTOFNUNAR 2006

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006 tóku gildi 1. júlí 2006 og samkvæmt þeim hefur Vinnumálastofnun yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Vinnumálastofnun annast fjárvörslu, umsýslu og afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Ábyrgðasjóð launa og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga á sameiginlegri skrifstofu vinnamála. Sérstök stjórn er yfir Vinnumálastofnun svo og hinum einstöku sjóðum.

Á árinu 2006 varð 38.678 þús. kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 301.822 þús. kr., skuldir 228.383 þús. kr. og eigið fé nam 73.439 þús. kr. í árslok 2006.

Stjórn og forstjóri staðfesta ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. október 2007.


Stjórn



Hrólfur Ölvísson



Sigurður Bessason



Stefán Aðalsteinsson



Jón Rúnar Pálsson



Elly Erlingsdóttir



Adolf H. Berndsen



Halldór Grönvold



Jón H. Magnússon




Arna Jakobína Björnsdóttir



Ásta Lára Leósdóttir

Forstjóri



Gissur Pétursson.

Áritun endurskoðenda

Til Stjórnar Vinnumálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Vinnumálastofnunar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Við höfum hagað endurskoðun okkar í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársuppgjörið sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vinnumálastofnunar á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 14. október 2007.



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2006

	2006	2005
Tekjur		
Þjónustutekjur	350.652.182	284.900.000
Aðrar tekjur	8.066.093	4.861.233
	<u>358.718.275</u>	<u>289.761.233</u>
Gjöld		
Rekstur aðalskrifstofu	183.018.439	161.857.038
Svæðisvinnumiðlanir	265.776.807	258.250.456
Atvinnuleysissskráning, þjónustusamningar	9.636.703	11.511.257
Önnur sérverkefni	5.155.836	8.973.803
Fæðingarorlofssjóður	23.985.613	0
	<u>487.573.398</u>	<u>440.592.554</u>
Eignakaup	12.367.109	4.562.735
	<u>499.940.507</u>	<u>445.155.289</u>
(Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(141.222.232)	(155.394.056)
Ríkisframlag	179.900.000	163.200.000
	<u>38.677.768</u>	<u>7.805.944</u>
Tekjuafgangur ársins		

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	2006	2005
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	4.740.639	13.862.839
Atvinnuleysisstryggingasjóður	229.776.288	151.883.714
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.....	2.095.173	2.998.385
Viðskiptakröfur	4.702.357	2.788.075
	<u>60.507.828</u>	<u>5.440.078</u>
Handbært fé	301.822.285	176.973.091
	<u>301.822.285</u>	<u>176.973.091</u>
Eignir alls		
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
<i>Höfuðstóll:</i>		
Höfuðstóll í ársbyrjun	34.761.613	26.955.669
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	38.677.768	7.805.944
	<u>73.439.381</u>	<u>34.761.613</u>
Skuldir		
Eigið fé	73.439.381	34.761.613
Skammtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir	172.063.825	113.121.748
Ábyrgðasjóður launa	41.608.866	23.497.862
Viðskiptaskuldir	14.710.213	5.591.868
	<u>228.382.904</u>	<u>142.211.478</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>301.822.285</u>	<u>176.973.091</u>

Sjóðstreymi árið 2006

	2006	2005
Rekstrarhreyfingar		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuafgangur.....	38.677.768	7.805.944
Veltufé frá rekstri	38.677.768	7.805.944
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	(78.903.644)	5.723.883
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....	86.171.426	(24.860.581)
	7.267.782	(15.368.668)
Handbært fé til rekstrar	45.945.550	(11.330.754)
 Fjármögnunarhreyfingar		
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>		
Framlag ríkissjóðs.....	(179.900.000)	(163.200.000)
Greitt úr ríkissjóði.....	189.022.200	178.253.634
Fjármögnunarhreyfingar	9.122.200	15.053.634
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	55.067.750	3.722.880
 Handbært fé í ársbyrjun.....	5.440.078	1.717.198
 Handbært fé í lok ársins	60.507.828	5.440.078

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Vinnuálastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2006 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Fjárveitingar á fjárlögum til Vinnuálastofnunar námu samtals 168.900 þús. kr. Á fjáraukalögum fékk stofnunin 11.200 þús. kr. þar af hækkun sértekna um 100 þús. kr. Fjárveitingin var til að mæta kostnaði við framkvæmd laga um starfsmannaleigur, sem tók gildi 1. janúar 2006. Millifærsla vegna launabóta nam 200 þús. kr. lækkun og voru 100 þús. kr. af því skilgreint sem lækkun sértekna. Í heild námu fjárheimildir ársins 2006 því 179.900 þús. kr.

Rekstrargjöld, að fráregnum sértekjum, námu samtals 141.222 þús. kr. og urðu því 38.678 þús. kr. innan fjárheimilda ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(266.900)	(266.900)	(358.718)	91.818
Laun og launatengd gjöld.....	296.500	305.700	332.708	(27.008)
Önnur rekstrargjöld.....	113.100	114.900	148.866	(33.966)
Tilfærslur.....	24.500	24.500	6.000	18.500
	167.200	178.200	128.855	49.345
Stofnkostnaður.....	1.700	1.700	12.367	(10.667)
	168.900	179.900	141.222	38.678

1. Þjónustutekjur

Vinnumálastofnun annast þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og Ábyrgðasjóð launa, auk Starfsmenntunarsjóðs og Úthlutunarnefnda. Á árinu 2006 bættist við tvö ný verkefni hjá stofnuninni það eru Fæðingarorlofssjóður og styrktarsjóður foreldra langveikra og/eða fatlaðra barna. Á árinu 2006 féll til stofnkostnaður við þessi verk en þau koma til framkvæmda á næsta ári. Tekjur Vinnumálastofnunar frá þessum aðilum námu samtals 350,7 m.kr. á árinu 2006 en voru 284,9 m.kr. árið á undan. Tekjurnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2006	2005
Atvinnuleysistryggingasjóður.....	254.000.000	226.000.000
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.....	2.100.000	2.000.000
Starfsmenntunarsjóður.....	4.200.000	4.000.000
Úthlutunarnefndir.....	18.255.597	26.600.000
Ábyrgðasjóður launa.....	25.800.000	24.400.000
Atvinnumál kvenna.....	1.800.000	1.700.000
Lánatryggingasjóður kvenna.....	0	200.000
Fæðingarorlofssjóður.....	37.500.000	0
Styrktarsjóður foreldra langveikra og/eða fatlaðra barna.....	6.996.585	0
	<u>350.652.182</u>	<u>284.900.000</u>

2. Rekstur aðalskrifstofu

Kostnaður aðalskrifstofu nam 183 m.kr. árið 2006 en var 161,9 m.kr. árið á undan eða hækkun um 13,1%. Aðkeypt sérfræðiþjónusta hækkar aðallega sem stafar af því að lög um atvinnuleysistryggingasjóð breyttust talsvert sem kallaði á aukna hugbúnaðar- og tölvuvinnu. Kostnaðurinn sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2006	2005
Laun og launatengd gjöld	116.296.068	106.526.869
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	14.396.436	13.265.482
Funda- og ferðakostnaður	6.342.509	6.410.876
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	24.373.045	10.884.335
Rekstur tækja og áhalda	2.678.054	2.387.312
Húsnæðiskostnaður	8.616.637	10.086.165
Bifreiðakostnaður	628.133	649.916
Annar rekstrarkostnaður	3.687.557	2.696.083
Tilfærslur	6.000.000	8.950.000
	<u>183.018.439</u>	<u>161.857.038</u>

3. Svæðisvinnumiðlanir

Svæðisvinnumiðlanir eru átta talsins, á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum. Kostnaður svæðisvinnumiðlana nam 265,8 m.kr. árið 2006 en var 258,3 m.kr. árið á undan eða hækkun um 2,9%. Kostnaðurinn sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2006	2005
Laun og launatengd gjöld	211.182.163	205.019.476
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	13.334.029	13.017.006
Funda- og ferðakostnaður	5.710.818	6.029.320
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	316.172	389.515
Rekstur tækja og áhalda	2.782.402	2.179.219
Húsnæðiskostnaður	23.955.976	23.718.264
Bifreiðakostnaður	1.955.459	1.866.058
Annar rekstrarkostnaður	6.539.788	6.031.598
	<u>265.776.807</u>	<u>258.250.456</u>

4. Atvinnuleysiskráning, þjónustusamningar

Vinnumálastofnun hefur gert samninga við sveitarfélög og verkalyðsfélög um skráningu á atvinnulausu fólki í atvinnuleit. Kostnaður vegna þessara samninga nam 9,6 m.kr. árið 2006 en var 11,5 m.kr. árið á undan eða lækkun um 16,3%.

5. Önnur sérverkefni

Undir liðinn önnur sérverkefni flokkast meðal annars Eures samstarf og norrænt samstarf. Framlög og endurgreiðslur vegna sérverkefna eru færð með öðrum tekjum, meðal tekna. Kostnaður vegna sérverkefna nam 5,2 m.kr. árið 2006 en var 9,0 m.kr. árið á undan eða lækking um 42,5%. Funda- og ferðakostnaður lækkar mest og er það vegna þess að annað hvert ár er atvinnuleysistryggingamót haldið innan norðurlandanna og á árinu 2005 var það haldið á Akureyri. Kostnaðurinn sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2006	2005
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	818.576	1.312.016
Funda- og ferðakostnaður	3.868.868	6.086.766
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	364.103	883.948
Rekstur tækja og áhalda	37.752	548.036
Annar rekstrarkostnaður	66.537	143.037
	<u>5.155.836</u>	<u>8.973.803</u>

6. Fæðingarorlofsjóður

Samkvæmt lögum um fæðingarorlofsjóð skal Vinnumálastofnun sjá um reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn frá og með 1. janúar 2007. Undirbúa þurfti flutning og viðtöku sjóðsins á árinu 2006 sem kallaði á neðangreindan kostnað hjá stofnuninni ásamt eignakaupum upp á 6 m.kr. til viðbótar.

	2006	2005
Laun og launatengd gjöld	5.229.318	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.291.092	0
Funda- og ferðakostnaður	818.660	0
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	14.550.612	0
Rekstur tækja og áhalda	435.720	0
Húsnæðiskostnaður	297.878	0
Annar rekstrarkostnaður	362.333	0
	<u>23.985.613</u>	<u>0</u>

7. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 2006 voru að stærstum hluta endurnýjun á tölvum, tölvubúnaði og húsbúnaði. Kaupin voru að fjárhæð 12,4 m.kr. árið 2006 en 4,6 árið áður, hækkunin er 7,8 m.kr. Þar af voru 6 m.kr. vegna flutnings og staðsetningar fæðingarorlofsjóðs norður í land.

	2006	2005
Tölvubúnaður	8.141.619	3.279.672
Húsbúnaður	3.253.771	1.064.342
Skrifstofuvélar	885.173	55.840
Önnur tæki og búnaður	86.546	162.881
	<u>12.367.109</u>	<u>4.562.735</u>

8. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2006 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 4.741 þús. kr. og hafði staðan versnað um 9.122 þús. kr. frá árinu áður.

Staða 1. janúar 2006	13.862.839
Ríkisframlag	179.900.000
Greiðslur	(339.102.466)
Millifærslur	150.080.266
Millifærslur	4.740.639

9. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2006 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar vannýttu fjárheimild samkvæmt fjárlögum að fjárhæð 73.439 þús. kr. og hafði staðan batnað sem nam 38.678 þús. kr. frá árinu á undan.

HÖFUÐSTÓLL

Höfuðstóll 1. janúar 2006	34.761.613
Ríkisframlag	179.900.000
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(141.222.232)
Höfuðstóll 31. desember 2006	73.439.381

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs

Rekstrarreikningur árið 2006

Tekjur

Atvinnutryggingagjald.....	4.352.274.430	3.490.396.879
Húsaleigutekjur.....	12.385.997	11.460.259
Aðrar tekjur.....	5.340.578	22.160.968
	<u>4.370.001.005</u>	<u>3.524.018.106</u>

Gjöld

Atvinnuleysisbætur.....	2.370.358.754	3.152.635.189
Úrræði fyrir atvinnuleitendur.....	62.701.100	73.126.950
Starfsmenntasjóður.....	66.223.522	60.891.986
Framlög og styrkir.....	17.895.384	18.359.218
Sérstök framlög til starfsmenntunar.....	120.000.000	115.000.000
	<u>2.637.178.760</u>	<u>3.420.013.343</u>
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður.....	316.700.067	302.420.926
Sérstök afskrift tryggingagjalds.....	41.723.327	14.398.379
	<u>2.995.602.154</u>	<u>3.736.832.648</u>

Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur.	1.374.398.851	(212.814.542)
--	---------------	----------------

Fjármunatekjur.....	<u>863.585.572</u>	<u>541.296.321</u>
---------------------	--------------------	--------------------

Tekjuafgangur ársins.....	<u>2.237.984.423</u>	<u>328.481.779</u>
---------------------------	----------------------	--------------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	2006	2005
Eignir		
Fastafjármunir		
Verðbréf.....	0	4.503.881
	<u>0</u>	<u>4.503.881</u>
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur.....	4.665.929	3.120.676
Álagt óinnheimt tryggingagjald.....	516.686.229	445.618.289
Viðskiptareikningur ríkissjóðs.....	10.206.996.279	7.955.666.768
Handbært fé.....	20.424.740	18.712.030
	<u>10.748.773.177</u>	<u>8.423.117.763</u>
Eignir alls	<u>10.748.773.177</u>	<u>8.427.621.644</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé 1/1.....	8.152.179.439	7.823.697.660
Tekjuafgangur ársins.....	2.237.984.423	328.481.779
	<u>10.390.163.862</u>	<u>8.152.179.439</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Vinnumálastofnun.....	229.776.288	151.883.714
Viðskiptamenn, erlendir.....	47.924.270	41.870.065
Viðskiptamenn, aðrir.....	34.351.492	47.857.272
Starfsmenntasjóður.....	43.144.573	27.906.425
Aðrar skammtímaskuldir.....	3.412.692	5.924.729
	<u>358.609.315</u>	<u>275.442.205</u>
Eigið fé og skuldir	<u>10.748.773.177</u>	<u>8.427.621.644</u>

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Ábyrgðasjóðs launa

Rekstrarreikningur árið 2006

	2006	2005
Tekjur		
Ábyrgðargjald skv. lögum nr. 88/2003	656.580.317	219.689.899
Úthlutað úr þrotabúum	68.695.362	70.865.803
	<u>725.275.679</u>	<u>290.555.702</u>
Gjöld		
Laun í gjaldþroti	140.471.709	239.210.100
Orlofslaun vegna greiðsluferfiðleika.....	1.824.776	3.163.925
Iðgjöld til lífeyrissjóða vegna gjaldþrota	156.707.451	258.084.780
Lögfræði- og innheimtukostnaður	59.712.551	53.892.438
Vaxtaálag á laun og bætur	66.923.053	108.674.022
Skaðabótakröfur launþega	0	4.553.765
Skrifstofukostnaður	26.995.204	25.931.546
	<u>452.634.744</u>	<u>693.510.576</u>
Afskrifað ábyrgðargjald	5.404.017	1.411.445
	<u>458.038.761</u>	<u>694.922.021</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) án fjármagnsliða	267.236.918	(404.366.319)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(116.360.841)	(64.611.198)
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>150.876.077</u>	<u>(468.977.517)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	2006	2005
Eignir		
Veltufjármunir		
Álagt óinnheimt ábyrgðargjald	73.289.228	27.196.545
Aðrar skammtímakröfur	1.594.327	1.149.992
Inneign hjá vörsluaðila	41.608.866	23.497.862
	<u>116.492.421</u>	<u>51.844.399</u>
Eignir alls	<u>116.492.421</u>	<u>51.844.399</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Ójafnað eigið fé 1. janúar	(987.955.803)	(518.978.286)
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	150.876.077	(468.977.517)
Eigið fé	<u>(837.079.726)</u>	<u>(987.955.803)</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	927.200.873	1.004.716.877
Staðgreiðsla skatta	437.656	10.956.154
Iðgjöld lífeyrissjóða	25.933.618	24.063.292
Aðrar skammtímaskuldir	0	63.879
Skuldir	<u>953.572.147</u>	<u>1.039.800.202</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>116.492.421</u>	<u>51.844.399</u>

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga

Rekstrarreikningur árið 2006

	2006	2005
Tekjur		
Hlutdeild í atvinnuþryggingagjaldi	9.415.159	25.147.877
Gjöld		
Atvinnuleysisbætur	10.895.088	14.723.922
Iðgjöld til lífeyrissjóða	693.507	875.734
Nefndarlaun og akstur	107.899	1.026.220
Þátttaka í sameiginlegum kostnaði	2.100.000	2.000.000
	<u>13.796.494</u>	<u>18.625.876</u>
(Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur	(4.381.335)	6.522.001
Fjármunatekjur	<u>24.697.161</u>	<u>16.519.282</u>
Tekjuafgangur ársins	<u>20.315.826</u>	<u>23.041.283</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	2006	2005
Eignir		
Veltufjármunir		
Álagt óinnheimt atvinnuþryggingagjald	985.476	1.316.367
Ríkissjóður	158.057.738	135.901.885
Sparisjóður Norðlendinga	96.632.227	99.452.668
	<u>255.675.441</u>	<u>236.670.920</u>
Eignir alls	<u>255.675.441</u>	<u>236.670.920</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll 1. janúar	218.096.026	195.054.743
Tekjuafgangur ársins	20.315.826	23.041.283
	<u>238.411.852</u>	<u>218.096.026</u>
Varasjóður	14.508.503	14.508.503
Eigið fé	<u>252.920.355</u>	<u>232.604.529</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Vinumálastofnun	2.095.173	2.998.385
Aðrar skammtímaskuldir	381.865	562.178
Ógreiddar bætur	278.048	505.828
Skuldir	<u>2.755.086</u>	<u>4.066.391</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>255.675.441</u>	<u>236.670.920</u>